

Greinargerð

Yfirlit yfir athugasemdir sem bárust

við tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2025-2040

og svör umhverfis- og skipulagsnefndar, sbr. fundargerð 25.8.2026



Inngangur

Í þessu skjali eru dregnar saman athugasemdir og ábendingar sem bárust við [tillögu að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar](#) sem auglýst var í Skipulagsgátt, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 14. apríl 2026 með athugasemdafresti til 12. júní 2026. Athugasemdir sem snúa að [tillögu að skrá yfir vegi í náttúru Íslands](#) eru einnig teknar með, en sú tillaga var kynnt í Skipulagsgátt samtímis aðalskipulagstillögunni, með vísan í 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 260/2018. Vísað er til umsagna í [Skipulagsgátt til að lesa frumtexta](#) sem þetta skjal er unnið úr.

Aðilar sem sendu umsögn

Eftirtaldir aðilar skiluðu umsögn. Röðun í listanum er eftir dagsetningu birtingar í [Skipulagsgátt](#).

1. [Múlaþing](#), dags. 20.4.2026
2. [Þingeyjarsveit](#), dags. 29.4.2026
3. [Ísavia](#), dags. 18.5.2026
4. [Svæðisskipulagsnefnd sambands sveitarfélaga á Austurlandi](#), dags. 21.5.2026
5. [Míla](#), dags. 5.6.2026
6. [Vegagerðin - Austursvæði](#), dags. 5.6.2026
7. [Landhelgisgæsla Íslands og Utanríkisráðuneytið](#), dags. 8.6.2026
8. [Veðurstofa Íslands](#), dags. 9.6.2026
9. [SASS - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga](#), dags. 9.6.2026
10. [Hestamannafélagið Hornfirðingur](#), dags. 9.6.2026
11. [Landsnet](#), dags. 10.6.2026
12. [Landeigendur að Hofsnesi og Malarási](#), dags. 10.6.2026
13. [Landvernd](#), dags. 12.6.2026
14. [Náttúrustofa Suðausturlands](#), dags. 5.6.2026
15. [Náttúrufræðistofnun](#), dags. 11.6.2026
16. [Klaus Kretzer Svínafelli](#), dags. 11.6.2026
17. [Náttúruverndarstofnun](#), dags. 12.6.2026

18. [Bændasamtök Íslands](#), dags. 12.6.2026
19. [Steinar Resort ehf](#), dags. 11.6.2026
20. [Regína Hreinsdóttir](#), dags. 12.6.2026
21. [Félag skógarbænda á Suðurlandi](#), dags. 12.6.2026
22. [Land og skógur](#), dags. 12.6.2026
23. [Minjastofnun Íslands](#), dags. 15.6.2026
24. [Lagastoð f.h. Hlíðartúns 41](#), Höfn, dags. 15.6.2026
25. [Íbúaráð Suðursveitar-Mýra](#), dags. 15.6.2026

Í lok minnisblaðsins eru tekin fyrir [önnur mál sem vísað hefur verið til aðalskipulags](#).

Efni athugasemda og svör umhverfis- og skipulagsnefndar

Efni athugasemda hvers aðila er hér dregið saman og eru meginatriðin dregin fram með undirstrikun. Svör umhverfis- og skipulagsnefndar koma á eftir hverju efnisatriði. Svörin voru mótuð, rædd og samþykkt á fundi nefndarinnar 25.8.2026, sbr. fundargerð. **Gulur litur** táknar svör sem fela í sér breytingar eða lagfæringar á skipulagsgreinargerð og/eða forsendu- og umhverfismatsskýrslu. **Bleikur litur** táknar svör sem fela í sér breytingar eða lagfæringar á aðalskipulagsuppháttum/-vefsjá.

1. Múlaþing

- a. Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemd við fyrirleggjandi skipulagstillögu.

Svar: Umsögnin kallar ekki á svar.

2. Þingeyjarsveit

- a. Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar gerir ekki athugasemd við framlögð gögn.

Svar: Umsögnin kallar ekki á svar.

3. Isavia

- a. **Lendingarstaðir fyrir þyrlur og reglur um þyrluflug:** „Isavia gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um flugvelli í tillögu að aðalskipulagi“ en bendir á að ástæða „... gæti verið [til] að skoða í aðalskipulagsvinnu stefnu varðandi flug með þyrlum, landingarstaði fyrir þyrlur og þjónustu tengda þyrluflugi. Aukin umferð þyrlna veldur oft á tíðum slakari hljóðvíst fyrir nágranna og því gæti verið ástæða til að setja niður í aðalskipulagi heimildir og eða kvaðir til landingarstaða fyrir þyrlur.“

Svar: Í aðalskipulaginu er sett fram markmið SU.5 um að þróa leiðakerfi að Vatnajökulshjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum, m.a. með því að móta stefnu um lendingarstaði og umferðarsvæði loftfara í samvinnu við Vatnajökulshjóðgarð. Þetta er því eitt af verkefnunum sem stefnt er að vinna að eftir staðfestingu aðalskipulagsins, sbr. það sem segir um leiðir að markmiðum á bls. 6 skipulagsgreinargerð: „Leiðir að markmiðum snúast jafnframt sumar um verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála sem stefnt er að ráðast í á skipulagstímabili aðalskipulagsins, í þeim tilgangi að ná þeim árangri sem stefnt er að og lýst er í meginmarkmiðum og framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið.“

4. Svæðisskipulagsnefnd SSA

- a. Svæðisskipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við efnisatriði málsins.

Svar: Umsögnin kallar ekki á svar.

5. Míla

- a. **Undirbúningur framkvæmda:** „Míla gerir almennt ekki athugasemdir við aðalskipulag heilla sveitarfélaga. Þegar byggð er skipulögð óskar Míla eftir að haft sé samband við okkur með góðum fyrirvara ef ske kynni að við viljum taka þátt í framkvæmdum. Ef aðrar framkvæmdir standa fyrir dyrum gildir eftirfarandi: Áður en framkvæmdir hefjast skal framkvæmdaraðili afla allra nauðsynlegra upplýsinga um legu fjarskiptavirkja á umræddu svæði og hafa fullt samráð við Mílu um tilhögun framkvæmda. Ef færa þarf til eða breyta legu lagna ber framkvæmdaraðili allan kostnað sem af því hlýst (beinan og óbeinan), nema um annað sé sérstaklega samið. Vísast að öðru leyti til 1.- 3. mgr. 86.gr. fjarskiptalaga.“

*Svar: Í skipulagákvæðum allra landnotkunarflokka í dreifbýli er minnt á, með vísan í kafla 9.17 um veitur, að gæta þarf að helgunarsvæðum raflína/-strengja og vega. Til að minna á fjarskiptastrengi, í þessu samhengi verður **orðalagi breytt þannig:** „... helgunarsvæðum raflína, rafstrengja, fjarskiptastrengja og vega.“ Öðrum ábendingum umsagnarinnar er vísað til umhverfis- og framkvæmdasviðs til minnis við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar.*

6. Vegagerðin

- a. **Skrá yfir vegi í náttúru Íslands:** „Vegagerðin óskar eftir fundi með sveitarfélaginu til að yfir skrána, m.t.t. tenginga við þjóðveg.“


***Svar:** Í samræmi við óskina var haldinn fundur þann 13. júlí sl. með Vegagerðinni, skipulagsráðgjafa og skipulagsfulltrúa. Við þá yfirferð var ákveðið að taka út nokkra vegi og verður vegaskráin uppfærð, sjá einnig svar við umsögn Landsnets. Breytingarnar hafa ekki áhrif á rétt bænda eða Landsnets til að nýta vegi vegna sinna starfa. Settur verður inn fyrirvari um samþykki Vegagerðarinnar á tengingum við þjóðvegi.*

- b. **Gólfhæðir bygginga:** Hafa skal samráð við Vegagerðina (hafnarsvið) vegna ákvörðunar um lægstu gólfhæðir bygginga.


***Svar:** Texti á bls. 266 verður lagfærður í samræmi við ábendinguna.*

- c. **Veglína um Lón og Lónsheiðargöng:** „Vegagerðin ítrekar fyrri umsögn varðandi nýja veglínu um Lón og Lónsheiðargöng:

Vegagerðin hefur látið vinna tillögu að nýrri veglínu um Lón. Sjá línu 1 á mynd 1. Haft var samráð við sveitarfélagið vegna þessa á sínum tíma. Veglínan er sunnar en sú sem áður var í skoðun og minni líkur á sviptivindum og grjóthruni úr Miðfelli samkvæmt þeim valkosti. Hugmyndir þessar eru þó ekki fullunnar og umhverfismat hefur ekki farið fram. Vegagerðin mælir engu að síður með að veglína 1 verði sýnd á aðalskipulagi, með fyrirvörum í greinargerð, ásamt Lónsheiðargöngum eins og þau eru sýnd á gildandi aðalskipulagi, sjá mynd 2.“



Mynd 1 Hugmyndir að nýjum vegi um Lón




Mynd 2 Lónsheiðargöng skv. gildandi aðalskipulagi

***Svar:** Aðalskipulagstillagan var sett fram í samræmi við tölvupóst frá Vegagerðinni til skipulagsráðgjafa og sveitarfélagsins, dags. 29.9.2025, þar sem segir: „Endanleg ný veglína um Lón liggur ekki fyrir. Sýna þarf þá veglínu sem er á núverandi aðalskipulagi. Gera má ráð fyrir breytingum á henni við nánari hönnun sem gætu leitt til breytinga á aðalskipulagi síðar.“ Um Lónsheiðargöng segir þar: „nýta má gögn úr gildandi aðalskipulagi“ og eru þau sýnd þannig í auglýstri aðalskipulagstillögu. Sveitarfélagið telur ekki tilefni til að setja inn nýja veglínu um Lón á þessu lokastigi aðalskipulagsvinnunnar. Það myndi kalla á endurauglýsingu tillögunnar, auk þess sem*

um ófullunnar hugmyndir er að ræða líkt og kemur fram í umsögn Vegagerðarinnar.

Texta um stöðu málsins verður bætt inn í kafla 9.6 um Þjóðveg 1/Hringveg í forsendu- og umhverfismatsskýrslu og í skýringahluta kafla 9.15 um vegi, götur og stíga í skipulagsgreinargerð.

- d. **Þjóðvegur í Þéttbýli:** „Vegagerðin lagði fram nokkrar hugmyndir að útfærslu Hafnarvegjar til framtíðar að ósk sveitarfélagsins. Sjá mynd 3. Samkvæmt greinargerð var engu að síður ákveðið að halda tillögu sem er á núverandi aðalskipulagi áfram á skipulagi sem er í vinnslu. Vegagerðin telur þá kosti sem tengjast núverandi Hafnarvegi utan fyrirhugaðs þéttbýlis vera til þess fallna að auka umferðaröryggi og leggur áherslu á að ekki verði þrengt að þessum kostum þannig að þeir komi ekki lengur til greina sem framkvæmdakostir. Veghelgun meðfram Hafnarvegi, í núverandi eða breyttri legu, er 30 m til hvorra handar frá miðlinu vegar. Rétt er að taka fram að umferðaröryggismat skal fara fram við val á veglínu en slíkt mat hefur ekki farið fram.”





Mynd 3 Hugmyndir að breyttri legu Hafnarvegjar

Svar: Valkostir um legu þjóðvegjarins voru m.a. metnir út frá mögulegri þróun bæjarins til lengri tíma lítið, sbr. kafla 8.16 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Byggðarmynstur í auglýstri aðalskipulagstillögu lokar ekki fyrir að framangreindir valkostir geti komið til álita í framtíðinni. Breidd veghelgunarsvæðis kemur fram í skipulagsákvæðum um vegi götur og stíga í kafla 8.13 í skipulagsgreinargerð.


7. Landhelgisgæsla Íslands, varnarmálasvið og Utanríkisráðuneytið

- a. **Mörk varnar- og öryggissvæðis:** „Vakin er athygli á því að öryggissvæðið á Stokksnesi skiptist í 2 svæði samkvæmt auglýsingu 964/2021, annars vegar þar sem ratsjár- og fjarskiptastöðin er staðsett og hins vegar lítið svæði þar sem er vatnsból sem er nærri Stokksnesvegi. Minna svæðið virðist ekki merkt inn á uppdrátt skipulagsins.“

Svar: *Sett verður inn tákn fyrir varnarsvæði þar sem vatnsbólið er. Sjá myndir hér að neðan úr framangreindri reglugerð.*



- b. **Ákvæði varnar- og öryggissvæðis:** „Ítrekuð er krafa um að í tengslum við umfjöllun um öryggissvæðið og ratsjár- og fjarSKIPTASTÖÐINA á Stokksnesi verði settur inn eftirfarandi texti: Skilmálar á öryggissvæði
- Almenn umferð og starfsemi verði ekki skipulögð eða heimiluð innan 100 m radíusar frá ratsjár- og fjarSKIPTASTÖÐinni. [Eftirfarandi mynd er úr reglugerð nr. 964/2021].



- Þar sem starfsemi er ofan við lægsta geisla miðað við sjónlínu stöðvarinnar skal framkvæma mælingar og ef þarf að gera sérstakar ráðstafanir vegna almannaheilla.“

Einnig segir í umsögninni: Fyrir liggur greinargerð Geislavarna ríkisins (2010) um möguleg áhrif ratsjárstöðvar á heilsu. Niðurstaða hennar er að sé fjarlægð starfsemi meiri en 1.300 m frá ratsjárstöð verða engin heilsufarsleg áhrif. Sé þörf á að hafa starfsemi innan þessara marka, er unnt að vera með starfsemi í allt að 100 m fjarlægð miðað við ákveðnar forsendur. Eðlilegast er þó að miða við að mannvirki á þessu belti séu ekki það há að fólk dvelji í geislanum. Einnig kom fram að sé komið nærri ratsjárstöð kunni að verða truflanir á viðkvæmum rafbúnaði. Almennt gildir að hafa skal samráð við Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasvið, skipulagsfulltrúa öryggissvæðanna, áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem eru hærri en sjónlína stöðvarinnar. Byggingar sem ætlað er að málmlæða skulu vera bárujárnsklæddar, með sléttan flöt á milli klæðninga sem er minni en $8\frac{1}{2}''$. Sveitarfélagið skal takmarka heimildir til notkunar annarrar málmlæðningar.“

Svar: Í sérákvæði VÖ-680 Stokksnes verður settur þessi texti: „Almenn umferð og starfsemi verði ekki skipulögð eða heimiluð innan 100 m radiusar frá ratsjár- og fjarskiptastöðinni.“ Einnig: „Leita skal umsagnar varnarmálasviðs Landhelgisgæslu Íslands um skipulagstillögur og leyfisumsóknir á landi sem eru allt að 1300 m frá ratsjár- og fjarskiptastöðinni og vegna mannvirkja sem eru hærri en sjónlína stöðvarinnar.“ Bætt er inn reit VÖ-665 Öryggissvæði vatnsbóls fyrir Stokksnes, Nesjum.

- c. **Skýringar uppdráttar:** „Á skipulagsuppdráttum t.d. nr. 3 Nes og Lón er litur Varnar- og öryggissvæða (VÖ) ekki hluti af sýndum litum landnotkunarflokka í skýringum.“

Svar: Uppdrættir verða lagfærðir.

8. Veðurstofa Íslands

- a. **Varúð:** „Það er mat Veðurstofu Íslands að í forsendu- og umhverfismatsskýrslunni sé skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri náttúruvá, sem til staðar er í sveitarfélaginu. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við uppfært skipulag en hvetur til að fyllstu varúðar verði gætt við alla uppbyggingu.“

Svar: Umsögnin kallar ekki á svör.

9. SASS

- a. **Samræmi við sóknaráætlun:** „SASS telur jákvætt að í framlagðri tillögu sé lögð áhersla á sjálfbæra byggðaðróun, uppbyggingu innviða og vernd auðlinda í samræmi við áherslur Sóknaráætlunar Suðurlands um sjálfbær samfélög, sterkt atvinnulíf og aukin lífsgæði í landshlutanum. SASS gerir að öðru leyti ekki efnislegar athugasemdir við framlögð gögn.“

Svar: Umsögnin kallar ekki á svör.

10. Hestamannafélagið Hornfirðingur

- a. **Reiðstígar:** Hestamannafélagið „gerir ekki athugasemd við nýtt aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar en minnir samt á að ekki gleyma hestamönnum þegar framkvæmdir eru í og við reiðstíga í sveitarfélaginu.“

Svar: Umsögnin kallar ekki á svör.

11. Landsnet

- a. **Almenn ákvæði á óbyggðum svæðum:** Landsnet telur „nauðsynlegt að í kafla 9.11 verði sett ákvæði um heimildir til viðhalds og breytinga á háspennulínunum á óbyggðum

svæðum, líkt og ákvæði sem sett eru um vegi og minniháttar mannvirki til öryggis og fjarskipti.“

Svar: Raflínur sem aðalskipulag tekur til eru mun umfangsmeiri mannvirki en átt er við um „minniháttar mannvirki vegna öryggis og fjarskipta.“ Hnappavallalína 1 er eina raflína Landsnets í sveitarfélaginu sem liggur að hluta yfir land í landnotkunarflokknum óbyggð svæði og er það land jafnframt innan Vatnajökulshjóðgarðs. Aðalskipulagið setur ekki takmarkanir á viðhald línunnar og svigrúm er fyrir breytingar á legu samkvæmt eftirfarandi almennum ákvæðum aðalskipulagstillögunnar sem eiga við alla landnotkunarflokka, sbr. kafla 9.17:

- *Lega raflína er bindandi í þeirri nákvæmni sem staðfestir aðalskipulagsuppdráttir eru (þ.e. 1:60.000). Nánari lega þeirra er ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi og á grundvelli umhverfismats.*
- *Gert ráð fyrir því að háspennulínur í flutningskerfi geti verið ofan jarðar eða neðan án þess að greinarmunur sé gerður á skipulagsuppdráttum.*
- *Háspennustrengir geta legið meðfram þjóðvegum án sérstakrar tilgreiningar á skipulagsuppdrátti.*

Til að taka af allan vafa um að viðhald á núverandi línu er heimilt, verður eftirfarandi texta bætt inn í kafla 9.17: „Viðhald á núverandi línumannvirkjum er heimilt.“ Að öðru leyti er ekki talið tilefni til að setja sérstök ákvæði fyrir óbyggð svæði að því er snýr að á háspennulínum á ábyggðum svæðum.

- b. **Vísun í almenn ákvæði um veitur:** Landsnet telur „æskilegt að í kafla 9.8 um íþróttasvæði í dreifbýli verði vísað í almenn ákvæði um takmarkanir í kafla 9.17 um veitur, eins og gert er í öðrum sambærilegum köflum.“

Svar: Texti kafla 9.8 verður lagfærður í samræmi við ábendinguna.

- c. **Samræmi við kerfisáætlun:** Landsnet bendir á að „í kafla 2.3 um tengsl við aðrar áætlanir í Forsendu- og umhverfismatsskýrslu er vísað í eldri kerfisáætlun. Nú er í gildi kerfisáætlun 2025-2034 sem Raforkueftirlitið samþykkti þann 10. apríl s.l. Við endurskoðun aðalskipulags ber að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun, skv. gr. 9. c. í raforkulögum.“

Svar: Texti verður uppfærður í samræmi við ábendinguna.

- d. **Auðkenni I-23:** Landsnet bendir á að á skipulagsuppdrátti 4 vantar auðkenni fyrir iðnaðarsvæði I-23, sem ætlað er fyrir tengivirkið Hólar.

Svar: Skipulagsuppdráttur 4 verður lagfærður og auðkenni bætt inn.


- e. **Skrá yfir vegi í náttúru Íslands:** „Af hálfu Landsnets er mikilvægt að skrásetja línuvegi fyrirtækisins, þannig að skýrar forsendur séu fyrir því að fyrirtækinu sé heimilt að sinna viðhaldi og rekstri línumannvirkja sinna. Aftur á móti er ekki síður mikilvægt að þeir aðilar sem munu skoða vegaskrána séu vel meðvitaðir um að vegslóðirnar geta verið mjög torfærar, háðar skilyrðum landeigenda og jafnvel geti þær verið lokaðar. Landsnet gerir ekki athugasemdir við sjálfa kortlagningu línuslóðanna, en telur að breyta þurfi flokkun á línuslóða og skerpa á takmörkunum sem gilda um akstur á þeim. Frá því Landsnet kom upplýsingum um staðsetningu línuslóða á framfæri til Hornafjarðar hefur komið upp umræða í tengslum við sambærilega vinnu annarra sveitarfélaga um hvernig skuli standa að kortlagningu línuslóða Landsnets. Því hefur m.a. verið velt upp hvernig hægt sé að tryggja að þrátt fyrir að línuslóðir Landsnets séu skráðir í vegaskrá, þá sé ljóst að þeir séu ekki ætlaðir til almennrar umferðar. Um er að ræða slóðir sem ætlaðir eru til umferðar á sérútbúnum bílum og tækjum Landsnets, til viðhalds og viðgerða. Aftur á móti ræður viðkomandi landeigandi því hvort önnur umferð sé heimil og fara landeigendur oft fram á að slóðirnar séu lokaðar með læstum hliðum. ...Því óskar Landsnet eftir því að vegaskráin sé skýr um takmarkanir sem gilda um línuvegi Landsnets, þ.e. að um sé að ræða slóðir með takmarkaða landnotkun. Landsnet leggur til að línuvegir fyrirtækisins verði skilgreindir með eftirfarandi takmörkunum: Línuvegur, umferð ætluð til viðhalds og viðgerða. Umferð háð heimild landeiganda. Vegur getur verið lokaður með hliði. ... Þar sem ekki er mögulegt fyrir Landsnet að skilgreina og flokka hverja og eina vegslóð eftir ástandi slóðarinnar, þá fer Landsnet fram á að allar línuslóðir fyrirtækisins verði skilgreindar sem F3, torfærir vegir. Eins og áður segir þá geta einhverjar línuslóðir Landsnets verið nokkuð greiðfærar, sér í lagi nýlegar slóðir, en alls ekki hægt að ábyrgjast að svo sé. Með því að vegslóðirnar séu skilgreindar sem torfærir vegir F3, má draga úr líkum á því að vanbúin ökutæki leggi upp í ferðir línuslóðum Landsnets. Þar með er dregið úr líkum á því að ökumenn ökutækja, sem gætu lent í erfiðleikum á leiðinni, freistist til að fara út af vegslóð, með tilheyrandi áhrifum á náttúru.“

Svar: Flokkun veganna verður breytt í samræmi við óskir Landsnets og fyrirvari um notkun færður inn.

12. Landeigendur að Hofsnesi og Malarási

- a. **Lega framtíðar Hringvegur:** „Við landeigendur að Hofsnesi og Malarási gerum athugasemd við gamla veglínuhugmynd Vegagerðarinnar merkt MO-Ágúst 2016, Hringvegur Kotá-Stigá hvað okkar lönd varðar (Malarás og Hofsnæs). Við vísum í undirskrifað skjal frá okkur hér í viðhengi þar sem við reifum hversu skaðleg þessi veglínuhugmynd myndi verða ábúendum í Malarási og Hofsnesi.“ Í viðhenginu segir

m.a.: „... viljum við vekja athygli sveitarfélagsins á ólíkum svörum sem við höfum fengið um núverandi stöðu málsins og óskum svara um raunverulega stöðu þess hjá sveitarfélaginu.“ Síðan eru í viðhenginu rakinn samskipti við Vegagerðina og sveitarfélagið um veglínu á sl. áratug og er hér vísað til þeirrar umfjöllunar en í stuttu máli hafna landeigendur því að nýr Hringvegur liggi í gegnum gömlu heimatúnin í Malarási og á Hofsnesi, sbr. veglínu sem Vegagerðin kynni á fundi í ágúst 2016 og aftur í október 2014, sjá myndina hér að neðan. Legan er „mjög slæm að mati landeigenda“ m.a. vegna eftirfarandi áhrifa: „Hún eyðileggur búsetumöguleika í Malarási og myndi leggja Malarás aftur í eyði. Hún skemmir einnig Vindás lóðina og liggur þar í gegnum fornminjar sem eru í jörðu (órannsakaðar fornar húsahleðslur sem vitað er undir gömlu túni). Liggur í gegnum fornminjar á Hofsnesi (hlaðna rétt).“ Landeigendur óska eftir „afstöðu sveitarfélagsins og skriflegri skýringu á hvar þetta mál er í raun statt í skipulagsferlinu.”



***Svar:** Auglýst aðalskipulagstillaga sýnir núverandi legu Hringvegarins á þessum kafla sem um ræðir. Í kafla 9.6 í forsendur- og umhverfismatsskýrslu segir: „Vegagerðin vinnur að rannsóknum og skilgreiningu valkosta en sú vinna er ekki komin nógu langt til að hægt sé að fjalla nánar um hana í þessari aðalskipulagstillögu. Valkostir verða metnir skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana þegar þeir liggja fyrir og gerð aðalskipulagsbreyting með tilheyrandi kynningu, umsögnum og athugasemdafresti.“ Sveitarfélagið hefur ekki fengið frekari upplýsingar um stöðu málsins hjá Vegagerðinni*

en athugasemdir landeigenda Malaráss og Hofsnæs verða framsendar til stofnunarinnar með ósk um að þær verði hafðar til hliðsjónar við mótun valkosta á umræddu svæði.

13. Landvernd

- a. **Framfylgd aðalskipulags:** „Við lestur á tillögu að aðalskipulagi hljómar margt mjög vel sem gefur von um að hægt sé að skipuleggja sveitarfélagið í sátt við náttúru og íbúa með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. En við nánari skoðun koma upp spurningar, ýmislegt er óljóst og skilgreiningum ábótavant og stundum í mótsögn við hver aðra.“ Í niðurlagi umsagnar segir einnig: „Grunnurinn sem kemur fram í þessa tillögu að aðalskipulagi hljómar að mörgu leyti vel. Vandamálið er helst að ekki er alltaf ljóst hvernig á að meta hvort þessum grunni er fylgt eftir eða ekki.“

***Svar:** Í skipulagsgreinargerð, í kafla 1.4 um uppbyggingu og stefnu aðalskipulagstillögunnar, kemur fram að markmið og leiðir lýsa áherslum sem viðhafðar verða við ákvarðanir um landnotkun og mannvirkjagerð. Þær áherslur voru nýttar við mótun skipulagsákvæða fyrir hvern landnotkunarflokk. Þær munu jafnframt nýtast sveitarfélaginu við að móta skipulagstillögur á sínu landi sem eru í samræmi við skipulagsstefnuna. Einnig munu þær nýtast við að meta hvort framlagðar skipulagstillögur á einkalandi eru í samræmi við framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið sem heild og meginmarkmið fyrir einstök viðfangsefni aðalskipulagsins. Auk þessa er gátlista umhverfismats, sbr. kafla 3.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu, ætlað að nýtast bæði sveitarfélaginu og framkvæmdaraðilum til að móta og meta tillögur sem eru í samræmi við stefnu aðalskipulags sem og viðeigandi stefnu ríkisvaldsins og Heimsmarkmiðin. Minnt er á þetta hlutverk gátlistans víða í skipulagsgreinargerð og kallað eftir að að gerð sé grein fyrir samræmi við aðalskipulagsstefnuna við framlagningu skipulagstillagna og/eða leyfisumsókna.*

- b. **Skilgreining sjálfbærrar þróunar, þolmörk jarðar og smitáhrif Íslands:** „Landvernd fagnar því að sjálfbær þróun og heimsmarkmiðin eru höfð að leiðarljósi í aðalskipulaginu. En sú skilgreining á sjálfbærri þróun sem kemur fram í aðalskipulagi um að tryggja jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; þeirrar umhverfislegu, samfélagslegu og efnahagslegu er ófullnægjandi. Sjálfbær þróun gengur út frá þeirri staðreynd að auðlindir jarðar eru takmarkaðar og mynda lokuð kerfi sem samfélag og hagkerfi eru hluti af. Efnahagsmál verða að fylgja gildum sem skapa gott samfélag og að samfélagið þarf að halda sig innan þolmarka jarðar. Ennfremur vill Landvernd benda á að neikvæð smitáhrif Íslands (e. spillover effect) eru mikil en hér er átt við hvernig aðgerðir héraðs hafa áhrif á getu annarra ríkja til að ná heimsmarkmiðunum. Íslandi

ber að draga úr neikvæðum smitáhrifum sínum og það er mikilvægt að hafa í huga við skipulagsgerð innan sveitarfélaga.“

Svar: Í aðalskipulagstillögunni var valin sú leið að nota Heimsmarkmiðin sem vegvísi um sjálfbæra þróun og að ganga út frá skilgreiningu sem þar birtist, sjá m.a. vefinn heimsmarkmid.is þar sem segir m.a.: „ Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.“ Þó svo ekki sé fjallað sérstaklega um þolmörk jarðar er mikilvægi þessi að viðhalda heilbrigðum vistkerfum dregið fram bæði í skipulagsgreinargerð og forsendu- og umhverfismatskýrslu, þ.m.t. í gátlista umhverfismats. Umfjölluninni er ætlað að draga fram að standa þarf vörð um náttúruleg kerfi og ganga ekki of nærri þolmörkum náttúrunnar.

Smitáhrif Íslands komu ekki beint til umfjöllunar við mótun aðalskipulagstillögunnar en í henni er engu að síður mótuð stefna sem getur fallið undir þau, t.d. stefna sem miðar að samdrætti í losun kolefnis, bindingu kolefnis, bættri auðlindanýtingu og hringrásarhagkerfi.

- c. **Gátlisti fyrir umhverfismat:** „Gátlistinn sem var nýttur fyrir umhverfismatið er góður en má ekki vera loforð á blaði heldur einnig í framkvæmd. Þó að almenn opinber skilgreining á sjálfbærri þróun sé skýr er hún því miður oft túlkuð á mismunandi hátt. Hvaða viðmið hafið þið til þess að geta metið matsspurningar eins og um sjálfbærni skóga, sjálfbæra nýtingu vatnsorku, sjálfbært atvinnulíf og sjálfbæra ferðaþjónustu? Því miður er orðið sjálfbærni oft dyggðaskreyting án trúverðugleika.“

Svar: Hugtakið sjálfbærni er notað í aðalskipulagstillögunni eins og það er skilgreint í Heimsmarkmiðunum. Í skipulagsgreinargerð er hvatt til þess að nýttar sé tiltækar leiðbeiningar, innlendar og erlendar, um ýmsa þætti skipulagsmála og er vísað til allmargra heimilda í neðanmálsgreinum sem nýst geta í þessum tilgangi. Í gátlista verður hnykkt á nýtingu tiltækra leiðbeininga.

- d. **Kolefnishlutleysi:** „Það þarf að velta fyrir sér hvernig sveitarfélagið skilgreinir kolefnishlutleysi. Engin skýr opinber samþykkt skilgreining er til. Er hér t.d. einnig horft til neysludrifinnar losunar og smitáhrifa? “

Svar: Aðalskipulagstillagan skilgreinir fyrst og fremst leiðir sem snúa að landnotkun og mannvirkjagerð, sbr. skipulagslög. Ljóst er að kolefnishlutleysi er langtímamarkmið sem sinna þarf á fleiri sviðum.

- e. **Friðun hafsvæða:** „Ísland er aðili að Samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og markmiðum um að friða 30% lands og 30% hafsvæða. Stórt landsvæði í

sveitarfélaginu er friðað en það mætti horfa á þennan samning sem hvatningu til að skoða einnig friðun hafsvæða.“

Svar: Aðalskipulagstillagan tekur til lögsögu sveitarfélagsins sem nær 115 m út fyrir stórstraumsfjöruborð. Í skipulagstillögunni fellur þetta belti í landnotkunarflokkana vötn, ár og sjó (sjá kafla 9.20) og strandsvæði (sjá kafla 9.21). Hluti svæðanna fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd og/eða er á náttúruminjaskrá. Þar gilda því takmarkanir í samræmi við þá stöðu. Auk þess er í almennum ákvæðum fyrir framangreinda landnotkunarflokka minnt á ákvæði kafla 9.23 um aðra náttúruvernd, 9.24 um minjavernd og 9.25 um náttúruvá.

- f. **Fráveitumál:** „Gott er að sjá meðvitund um ófullnægjandi skólphreinsun og hvetur Landvernd sveitarfélagið til þess að koma þessu fljótt í lag.“

Svar: Þakkað er fyrir hvatninguna.

- g. **Úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi:** „Varðandi úrgangsstjórnun og hringrásarhagkerfi þá er margt gott í skipulaginu. Hins vegar mættu koma fram fleiri leiðir, sérstaklega til þess að koma í veg fyrir mengun og minnka hana.“

Svar: Aðalskipulagstillagan skilgreinir fyrst og fremst leiðir sem snúa að landnotkun og mannvirkjagerð, sbr. skipulagslög. Ljóst er að hringrásarhagkerfi er langtímamarkmið sem sinna þarf á fleiri sviðum.

- h. **Fiskeldi í úthafskvíum:** „Á bls. 73 í skýrslu um forsendur er fjallað um fiskeldi og hugsanleg „tækifæri“ í úthafskvíum. Það er staðreynd að sjókvíaeldi veldur mikilli mengun og neikvæðum áhrifum á vistkerfi auk þess að setja villta laxinn í hættu og valda eldislöxum þjáningu. Þannig samræmist fiskeldi í úthafskvíum ekki stefnu sveitarfélags um sjálfbæra þróun og áherslur á að vernda vistkerfin. Landvernd skorar á sveitarfélagið að móta skýra stefnu gegn slíku fiskeldi, vera framsækin og trú sinni framsetningu um sjálfbæra þróun.“

Svar: Reiknað er með að unnið verði strandsvæðaskipulag ef eldi í úthafskvíum kemur til álita innan marka sveitarfélagsins.

- i. **Þjónusta vistkerfa:** „Á bls. 83 í skýrslu um forsendur stendur að heilbrigð vistkerfi geti hreinsað mengunarefni úr vatni, jarðvegi og lofti. Það er að einhverju leyti rétt en setninguna má misskilja á þannig að við gætum alveg mengað, því að vistkerfin mundu hreinsa það. Að sjálfsögðu eru takmörk á því hversu mikið vistkerfin geta hreinsað af mengun og að mikil og langvarandi mengun munu skemma þau til frambúðar.“

***Svar:** Ekki er talið að orðalag og framsetning í forsendu- og umhverfismatsskýrslu sé villandi að þessu leyti. Í skýrslunni, sem og skipulagstillögunni sjálfri, er lögð áhersla á að ekki má ofgera vistkerfum, sbr. 29 í skipulagsgreinargerð þar sem segir: „Þjónusta vistkerfa er dregin fram í stefnuhluta aðalskipulagsins og forsendu- og umhverfismatsskýrslu til að minna á að standa þarf vörð um vistkerfi við alla skipulagsgerð þar sem náttúran og ferlar hennar eru grundvöllur tilveru, afkomu og velferðar einstaklinga og samfélags.“*

- j. **Þyrluumferð:** „Á nokkrum stöðum í aðalskipulagi kemur fram að sveitarfélagið ætli að vinna að stefnumótun um landingarstaði og umferðarsvæði loftfara. Hvað er átt við? Ef þetta eru t.d. hugleiðingar um þyrluumferð bendir Landvernd á að slík ferðaþjónusta samræmist engan veginn markmiðum um loftslagsmál, náttúruvernd og sjálfbæra þróun og mætti sveitarfélagið setja hér strangar reglur um slíkt flug.“

***Svar:** Í aðalskipulaginu er sett fram markmið SU.5 um að þróa leiðakerfi að Vatnajökulsþjóðgarði eftir ólíkum ferðamátum, m.a. með því að móta stefnu um landingarstaði og umferðarsvæði loftfara í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð. Þetta er því eitt af verkefnunum sem stefnt er að vinna að eftir staðfestingu aðalskipulagsins, sbr. það sem segir um leiðir að markmiðum á bls. 6 skipulagsgreinargerð: „Leiðir að markmiðum snúast jafnframt sumar um verkefni á sviði umhverfis- og skipulagsmála sem stefnt er að ráðast í á skipulagstímabili aðalskipulagsins, í þeim tilgangi að ná þeim árangri sem stefnt er að og lýst er í meginmarkmiðum og framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið.“*

- k. **Hverfisverndarsvæði:** „Eins og kemur fram á bls. 121 og 122 í skýrslu um forsendur þá er hverfisvernd á svæði neðan Fláajökuls og Heinabergsjökuls auk votlendis í Lambey felld út þar sem forsendur liggja ekki fyrir og almenn ákvæði á landbúnaðarsvæðum eru talin nægja til verndar. Landvernd gerir athugasemdir við þessa ákvörðun og telur að hverfisverndin ætti að viðhaldast á þessu svæði.“

***Svar:** Ítrekað er svar við sambærilegri athugasemd við tillögu á vinnslustigi, sbr. svör umhverfis- og skipulagsnefndar í minnisblaði dags. 1.10.2025 en þar segir: „Við mótun vinnslutillögu aðalskipulags var kallað eftir upplýsingum eða tillögum frá landeigendum og íbúum um svæði sem þyrfti að vernda eða gæta sérstaklega. Engar tillögur komu fram. Farið var yfir svæði á C-hluta náttúruminjaskrár og tillögu Náttúruverndarstofnunar að B-hluta, sem og hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Niðurstaða umhverfis- og skipulagsnefndar var að setja ítarlegri markmið og almenn ákvæði um náttúruvernd innan hinna ýmsu landnotkunarflokka, frekar en að*

afmarka tiltekin hverfisverndarsvæði. Með því er gengið lengra í náttúruvernd en í gildandi aðalskipulagi.“

1. **Áætlun um vernd votlendis:** „Góð umfjöllun er um mikilvægi votlendis og endurheimt þess. Landvernd saknar þess þó að ekki skuli vera stefnt markvisst að vernd og endurheimt votlendis með áætlun um svæði sem hentar í það, unnið í samvinnu við landeigendur. Á grunni flokkunar landbúnaðarlands væri hægt að kortleggja þau svæði sem kæmu til greina.“

Svar: Líkt og kemur fram í ábendingunni kallar áætlunargerð um vernd og endurheimt votlendis á samvinnu við landeigendur og verður það að teljast sérverkefni sem hægt væri að ráðast í á grundvelli stefnu aðalskipulags.

- m. **Ferðapjónusta og tengd uppbygging:** „Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við aðalskipulagið vegna stefnuleysis sem virðist vera í ferðapjónustu. Heildarsýn virðist skorta sem getur haft alvarlegar afleiðingar. Við lestur á aðalskipulagi kemur í hugann: Hornafjörður – þar sem ferðapjónusta breytist í iðnað og fjöldaframleiðslu. Fjöldi nýrra gististaða eru á áætlun og ekki virðist vera horft á samlegðaráhrifin eða þolmörk, hvorki náttúrunnar né heimamanna eða innviða. Hvernig á að meta þolmörkin? Samt kemur víða í aðalskipulagi fram að vel þarf að vanda við skipulag til þess að geta þjónað auknum ferðamannastraumi án þess að skemma grundvöll hennar sem er náttúran, víðernin og óbyggð svæði. Einnig að ferðapjónusta sem raskar eða skaðar vistkerfi sé ósjálfbær þar sem hún veikir sínar eigin stöðir (bls. 55 í skipulagsgreinargerð). Eða á bls. 57 að gæta þarf þess að uppbygging atvinnulífs sé í samræmi við þolmörk náttúru, innviða, samfélags og efnahags. Og á bls. 57 í skipulagsgreinargerð stendur einnig: „Stuðla að uppbyggingu í sjálfbærri ferðapjónustu sem miðar að minnkandi kolefnisspori og leggur áherslu á einstaka upplifun heimamanna og gesta í magnaðri náttúru og einstöku landslagi, með áhugaverða sögu og samfélag“. Hvernig skilgreinið þið sjálfbæra ferðapjónustu? Hvernig ætlið þið að meta hana? Hvaða viðmið ætlið þið að nota? Miðað við áætlaða uppbyggingu á gistirými um allt sveitarfélag þá virðist ekki vera samræmi milli þess sem er á teikniborðinu og þess sem stendur í textanum.“ Í niðurlagi umsagnar segir svo: „Landvernd hefur áhyggjur af of mikilli uppbyggingu sem muni skerða og skemma náttúru og vistkerfin auk þess að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Hér þarf sveitarfélagið að vanda sig vel og ber mikla ábyrgð.“ Einnig segir í umsögninni: „...á bls. 69 í skýrslu um forsendur: „Ferðapjónusta telst sjálfbær ef hún stuðlar að jafnvægi á milli efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á þessi þrjú svið sjálfbærrar þróunar en hámarka þau jákvæðu.“ Þetta er ófullnægjandi skilgreining þar sem ferðapjónustan má ekki fara yfir þolmörk náttúrunnar. En hvernig er hægt að meta þessi þolmörk? Sama spurning á t.d. líka við stefnu á bls. 94

í skipulagsgreinagerð þar sem stendur að uppbygging atvinnulífs á að taka mið af þolmörkum náttúru.“

Svar: Framangreind skilgreining á sjálfbærri ferðaþjónustu er frá The Sustainable Tourism Network og verður textanum breytt lítillega þannig að hann byggi beint á skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna sem er þessi: “tourism that takes full account of its current and future economic, social and environmental impacts, addressing the needs of visitors, the industry, the environment and host communities.” Varðandi þolmörk og mat á þeim er vísað í svör í lið 13. a, b og c hér að framan, en einnig er bent á að svigrúm til uppbyggingar ferðaþjónustu er m.a. til að styrkja byggð í sveitarfélaginu. Þá eru sett ítarleg almenn ákvæði um verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli sem, ásamt markmiðum og gátlista umhverfismats, er ætlað að stuðla að því að vel sé staðið að verki við undirbúning framkvæmda. Til stendur að móta atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið og verður þróun ferðaþjónustu m.a. þar til umfjöllunar, í samhengi við skipulagsmál og þróun samfélags, umhverfis og efnahags.

- n. **Burðargeta Hringvegur:** „...á bls. 52 í skýrslu um forsendur: „Á köflum ber Hringvegurinn ekki þann umferðarpunga sem um hann fer“. Hvernig á hann þá að bera enn meiri umferð vegna fjölgunar á ferðafólki? Þrátt fyrir ýmsum áætluðum endurbótum á Hringvegi sem eru lýst í aðalskipulagi mun hann varla geta borið álíka umferð og væri ef allt gistirými sem er á áætlun væri nýtt svo ekki sé nema að stórum hluta til.“

Svar: Reiknað er með að Vegagerðin sjái til þess að vegurinn geti sinnt hlutverki sínu sem skyldi.


- o. **Skipulag á hálendinu:** „Á bls. 56 í skýrslu um forsendur stendur m.a.: „Með vaxandi ferðaþjónustu eykst álag á hálendið og þörf skapast fyrir innviðaupbyggingu fyrir samgöngur og ferðaþjónustu“. Hér virðist því ríkja sama stefnuleysi varðandi ferðaþjónustu á hálendinu, ekki er gert ráð fyrir neinum mörkum, einungis er verið að bregðast við fjölgun með uppbyggingu innviða. Hvar liggja mörkin varðandi fjölda ferðamanna á hálendinu?.“

Svar: Ekki er talið að fullyrðingin eigi rétt á sér. Sá hluti sveitarfélagsins sem getur talist til hálendis er innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þar er í gildi stjórnunar- og verndaráætlun og í aðalskipulagstillögunni eru ekki lagðar til breytingar á henni. Þannig er í tillögunni t.d. ekki gert ráð fyrir nýjum þjónustusvæðum innan þjóðgarðs.

- p. **Byggð við Skaftafell:** „Í sambandi við uppbyggingu á íbúðum í reit VP-215 á Freysmörk og VP-198 austan við þjónustumiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli er það álit Landverndar að þessar staðsetningar samræmist ekki stefnu sem er sett fram í

aðalskipulagi þar sem kemur m.a. á mörgum stöðum fram, að staðsetja og hanna ætti mannvirki þannig að þau falli vel að náttúrlegu landslagi og búsetulandslagi. Það verður að vera samræmi milli þess sem stendur í texta og þess sem er gert. Læra þarf af alvarlegum ágreiningi og mistökum sem varð nýlega varðandi byggingu á gistihúsum í landi Skaftafells sem spilla aðkomu og sjónrænni upplifun af þjóðgarðinum og geta minnkað aðdráttarafl og verndargildi. Landvernd harmar byggingu tveggja hæða gistihúsa á þessu svæði.“

Svar: Landeigendur hafa óskað eftir að heimiluð verði uppbygging á framangreindum reitum og með hliðsjón af þörf fyrir íbúðarhúsnæði í vesturhluta Örefa ákvað sveitarfélagið að skilgreina reitina í aðalskipulagi, sbr. umfjöllun um þróun íbúðarbyggðar í kafla 9.8 forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Í sértæk skipulagsákvæði fyrir VP-198 verður settur eftirfarandi texti en fyrir mistök kom hann aðeins fram fyrir reit VP-199 í auglýstri aðalskipulagstillögu: „Vegna nálægðar við lykiláfangastað í Vatnajökulspjóðgarði skal sérstaklega leitast við að laga byggðina og allan umhverfisfrágang vel að náttúrufari og landslagi. Náttúrleg framvinda gróðurs skal vera ráðandi og plöntun framandi tegunda er óheimil. Í deiliskipulagstillögu og umsókn um byggingarleyfi skal gera grein fyrir ásynd frá Skaftafellsheiði og þjónustusvæðinu í Skaftafelli á myndrænan hátt.“



Reitur VP-215 Freysnesbyggð er innan svæðis sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem fristundabyggð. Þar þarf að breyta deiliskipulagi áður en heimiluð verður uppbygging þar, sbr. sértæk skipulagsákvæði fyrir reitinn. Á því stigi verður m.a. hægt að fjalla um samræmi við almenn ákvæði um byggingar og staðarmótun, sbr. bls. 179-180 í kafla 9.3 í skipulagsgreinargerð.

- q. **Aðlögun byggðar að náttúrufari og landslagi:** „Í ljósi reynslunnar af uppbyggingu gistihúsa við Skaftafell má líka spyrja hvernig hægt er að treysta því eins og kemur fram á bls. 179 í skipulagsgreinargerðinni: „Staðsetja og hanna skal byggingar og önnur mannvirki, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallett sjónrænt yfirbragð og taki mið af sögulegu samhengi og búsetulandslagi sem einkennst m.a. af byggð í torfum/þyrpingum“. Mat á slíku er misjafn milli manna þannig að hér þarf að vera skýrt hvernig og hver á að meta.“

Svar: Í deiliskipulagstillögum og byggingarleyfisumsóknum þarf að gera grein fyrir hvernig þessu skipulagsákvæði er framfylgt. Það er svo hlutverk umhverfis- og

skipulagsnefndar og bæjarstjórnar að meta hvort útfærslan telst ásættanleg, með hliðsjón af framangreindum ákvæðum og markmiðum aðalskipulagsins.


- r. **Frístundabyggð:** „Fram kemur að frístundahús eru almennt heimil á VP-reitum og er fjöldi þeirra ákveðinn í deiliskipulagi. Landvernd vill benda á að mikilvægt er að sveitarfélagið móti sér stefnu um fjölda og staðsetningu frístundahúsa ef slíkt á ekki að fara úr böndum.“

***Svar:** Stefna og skipulagsákvæði um frístundabyggð í aðalskipulagstillögunni er eins og almennt gerist í aðalskipulagi. Afmörkuð eru svæði fyrir slíka byggð, samkvæmt óskum landeigenda, og sett almenn og sértæk ákvæði fyrir þau, þ.m.t. um fjölda húsa. Stök hús eru heimil á landbúnaðarsvæðum. Ákvörðun um fjölda frístundahúsa á verslunar- og þjónustusvæðum er vísað til deiliskipulags þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar á þessu stigi um áformaðan fjölda frístundahúsa. En verslunar- og þjónustustarfsemi er ráðandi landnotkun á þessum reitum og sú staðreynd ásamt stærð VP-reitanna setur fjölda frístundahúsa ákveðnar skorður.*

- s. **Skógrækt á Selbakka og við Skaftafell:** Landvernd lýsir ánægju með stefnu og ákvæði um tilhögun skógræktar og að notkun stafafuru sé óheimil en „...spyr af hverju nýtt og stórt skógræktarsvæði var leyft, SL-512, Selbakki, Mýrum, þar sem svæðin voru plægt og erlendar tegundir plantaðar, m.a. stafafura? Og hvers konar skógrækt er áætlað í reitnum SL-218 sem er nálægt Þjóðgarðinum? “

***Svar:** Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á reitnum SL-512, Selbakka, var veitt í ágúst 2023 að undangengnu umsagnarferli. Á þeim tíma hafði mótun nýs aðalskipulags nýhafist með kynningu verkefnislýsingar. Greining og stefnumótun fyrir einstaka málaflokka og mótun ákvæða fyrir landnotkunarflokka hafði þá ekki hafist. Þetta tiltekna mál var því ekki hluti af mótun fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu nema sem þegar ákveðin SL-reitur.*

Reitur SL-218 er í samningssvæði hjá Landi og skógi og er þar gert ráð fyrir birkiskógi skv. kortasjá stofnunarinnar. Svæðið sem er vestan (vinstra megin á myndinni til hliðar) er minna en 25 ha og er því ekki afmarkað sem SL-reitur heldur telst hluti af landbúnaðarsvæði, sbr. ákvæði um skógrækt í þeim landnotkunarflokki.



- t. **Orkumál:** „Víðs vegar í aðalskipulagi kemur fram áhersla á sjálfbæra nýtingu orkulinda. Þannig stendur t.d. á bls. 59 í skipulagsgreinagerð: „Stuðla að því að nýting hverskonar orkulinda verði með sjálfbærum hætti í sátt við náttúru og samfélag og til að tryggja

næga raforku, auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku, bæta orkunýtni og styðja við búsetu og atvinnulíf.“ Þetta hljómar vel en Landvernd ætlar hér að benda á að aukning á orkuframleiðslu á Íslandi sem framleiðir átta sinnum meiri raforku á íbúa en meðaltalið í Evrópu og þar sem orkuneysla á mann sé sú næstmesta í heimi getur ekki talist sjálfbær. Ríku löndin verða að draga úr eftirspurn, framleiðslu og notkun á orku eins og kemur m.a. fram í þessari grein hjá World Economic Forum:

<https://www.weforum.org/stories/2022/11/cop27-reduce-energy-demand-climatechange/> “

Svar: Þakkað er fyrir ábendinguna.

- u. **Áhrif orkuframleiðslu:** „Á bls. 76 í skýrslu um forsendur stendur: „Orkuframleiðsla og flutningskerfi getur haft neikvæð áhrif á landslag og útivistarsvæði sem eru hluti af menningarþjónustu vistkerfa. Hægt er að haga uppbyggingu þannig að hún skerði ekki þessi gæði.“ Landvernd gerir athugasemdir við þetta orðalag að það væri hægt að hafa uppbyggingu þannig að hún skerði ekki þessi gæði. Gæðin verða alltaf skert og áhrifin eru alltaf á umhverfi og náttúru þó að hægt að er minnka þau. Á sömu blaðsíðu stendur einnig: „Leiðir að markmiðunum varða orkuframleiðslu með vatnsafla og jarðvarma; smávirkjanir; ræktun orkujurta; og örugg afhending raforku sem hefur sem minnst neikvæð áhrif á landslag og stuðlar að orkuskiptum.“ Hér vantar orðið náttúru - sem minnst neikvæð áhrif á landslag og náttúru.“

Svar: Orðalag á bls. 76 verður breytt í „... skerði þessi gæði sem minnst.“ og “...sem minnst neikvæð áhrif á náttúru og landslag.“ Samsvarandi breyting verður gerð á markmiði OO.2 í skipulagsgreinargerð.

- v. **Skipulag á Höfn - villtur gróður:** „Hér langar Landvernd að benda á góða reynslu sem önnur sveitarfélög eins og Múlaþing hafa af því að skapa pláss fyrir villtan gróður innan bæjar, verkefni sem þar nefnist „Viljandi villt“ og stuðlar m.a. sérstaklega að líffræðilegri fjölbreytni.“

Svar: Þakkað er fyrir ábendinguna.

- w. **Grænfánaskólar:** „Í skýrslu um forsendur er m.a. tekið fram að á Höfn er öflugt skóla- og þekkingarstarf. Hingað til er einungis grunnskólinn virkur grænfánaskóli. Sum sveitarfélög hafa það í sinni stefnu að allir skólar sveitarfélags eigi að vera grænfánaskólar. Það hefur reynst vel og Landvernd hvetur skólanna til dáða við að efla umhverfisfræðslu með fjölgun grænfánaskóla. Sameinuðu þjóðirnar hafa nefnt grænfánaverkefnið helsta innleiðingartækið í menntun til sjálfbærni í heiminum.“

Svar: Þakkað er fyrir hvatninguna.

- x. **Þjóðvegur á Höfn:** „Varðandi hugmyndir um breytingar á þjóðvegi um Höfn til að bæta umferðaröryggi og draga úr þungaflutningum á Hafnarbraut þá skilur Landvernd vel að núverandi lega er ekki heppileg. Þar sem hinir valkostir hafa neikvæð áhrif á leirur sem eru vernduð í náttúruverndarlögum þarf að vanda valið vel. Minnstu áhrifin virðist valkostur 1 hafa. Landvernd treystir því að sveitarfélagið og íbúa þess geti í sameiningu tekið ákvörðun um nýja legu þjóðvegar með sem minnstu áhrifum á náttúru og mestu tilliti til náttúruverndarlaga.“

Svar: Ef tekin verður ákvörðun síðar um að færa þjóðveginn verður það gert að undangengnu umhverfismati í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, auk málsmeðferðar aðalskipulagsbreytingar samkvæmt skipulagslögum.

14. Náttúrustofa Suðausturlands

- a. **Líffræðileg fjölbreytni:** Náttúrustofan leggur til að í aðalskipulaginu sé notuð þessi skilgreining: „Líffræðileg fjölbreytni merkir breytileika meðal lífvera í margbreytilegu umhverfi, þar með eru talin vistkerfi á landi, sjó og vötnum, og þau vistfræðilegu kerfi sem þær eru hluti af; þetta nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og meðal vistkerfa.“ (sbr. nýútgefna stefnu: Líffræðileg fjölbreytni - Stefna og markmið til ársins 2030).

Svar: Texti í skýringum við markmið LL.1 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu verður uppfærður til samræmis við ábendinguna. Einnig verður vísað í framangreinda stefnu á viðeigandi stöðum í skipulagsgreinargerð.

- b. **Landfyllingar undir byggð og leirur:** Á bls. 107 í forsendu- og umhverfisskýrslu aðalskipulagsins stendur „Til lengri tíma litið kann það að kalla á ný byggðarsvæði norðan við bæinn eða á frekari landfyllingum austan hans.“ „Náttúrustofan telur það ekki forsvaranlegt að fylla upp í leirur Skarðsfjarðar undir byggð eða athafnasvæði enda njóta þær sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd auk þess sem Skarðfjörður er skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA). Skarðsfjörður er ein af tillögum Náttúrufræðistofnunnar á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjasrár meðal annars vegna mikilvægi hans fyrir fugla og hve lífauðugar leirurnar eru. Landfylling leira stangast á við markmið VS.B í skipulagsgreinargerð aðalskipulagsins: „Við skipulag, mannvirkjagerð, landnýtingu og í umgengni um auðlindir og náttúru verði leitast við að vernda vatnstengd vistkerfi og endurheimta eftir því sem við á. Þ.m.t. vötn, ár, votlendi, leirur og strandsjó“. Því ætti einungis að horfa til þess að byggja íbúabyggð norðan bæjarins eða með þéttingu byggðar en ekki með frekari landfyllingum austan bæjarins.“


Svar: Aðalskipulagstillagan gerir ekki ráð fyrir breytingum á landfyllingum frá gildandi aðalskipulagi. Ef tekin verður ákvörðun síðar um að bæta við landfyllingum verður það gert að undangengnu umhverfismati í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, auk málsmeðferðar aðalskipulagsbreytingar samkvæmt skipulagslögum.

- c. **Garðaúrgangslosun í Fjárhúsavík og leirur:** „Fjárhúsavík er skráð sem jarðvegslosunarsvæði á bls. 83 í forsendu- og umhverfisskýrslu aðalskipulagsins og á bls. 230 í skipulagsgreinagerð aðalskipulagsins er þar afmarkaður efnistöku- og efnislosunarsvæðis reitur (E-43). Á þessu svæði er nú losunarsvæði garðaúrgangs sveitarfélagsins, og vill náttúrustofan að skoðað verði hvort sú losun sé í samræmi við lög og reglur, sem og hvort ákvæði þurfi að vera fyrir þessari heimild í aðalskipulagi. Um efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) er sagt í skipulagsreglugerð (nr. 90/2013)⁹ að: „Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.“ En garðaúrgangur flokkast aftur á móti sem heimilisúrgangur skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Líkt og fram hefur komið er verndargildi Skarðsfjarðar hátt, sem og leira almennt, því ber að forðast að raska þeim og velja aðra heppilegri valkosti. Náttúrustofan telur óviðunandi að fyllt sé upp í leirur með þeim hætti sem gert er í Fjárhúsavík og hvetur Sveitarfélagið Hornafjörð til að leita betri lausna á meðhöndlun garðaúrgangs og jarðefna. Garðaúrgang mætti til dæmis nýta til moltugerðar sem heimamönnum yrði boðið upp á að nýta eða bærinn nýti sjálfur fyrir sín beð. Slík leið myndi einnig styrkja hringrásarhagkerfið sem samræmist markmiðum ÚH.1 og ÚH.2 í forsendu- og umhverfisskýrslu aðalskipulagsins.“

Svar: Í aðalskipulagstillögunni er ekki gert ráð fyrir losun garðaúrgangs á svæðinu og hyggst sveitarfélagið finna svæði fyrir slíkan úrgang.

- d. **Faxeýrarhöfn - jarðminjar:** „Náttúrustofa tók saman minnisblað að beiðni Verkfræðistofunnar Alta ehf, þann 25. nóvember 2022, um nákvæma staðsetningu á jarðmenjum sunnan við Miðós 10 og Miðós 8, á Höfn. Þar eru merkileg trjábolaför sem vitna um fornskóga löngu fyrir ísöld. Þar hafa tré orðið fyrir rennandi hraunbráð, brotnað og síðan brunnið inni í kvikunni. Kvikan storknar umhverfis bolina og fyrir vikið sitja þá eftir holur eftir bolina. Í aðalskipulaginu falla þær innan marka hafnarsvæðisins sem tilgreint er til framtíðar.“ Náttúrustofan undirstrikar „tilvist þessara jarðmenja“, ekki síst í ljósi markmiðs LJ.1 um að vernda stakar jarðminjar og jarðfræðilega merkileg svæði.“

Mynd úr minnisblaðinu sem vísað er til í umsögninni er hér að neðan.



Mynd 1. Loftmynd af sunnanverðri Höfn. a) Gular stjörnur vísa á merkar jarðmenjar innan bæjarlandsins. Rauður rammi sýnir stækkað svæði. b) Ströndin sunnan við Miðós 8 og Miðós 10.

Svar: Í sértækum skipulagsákvæðum fyrir reit H-57 Hornafjarðarhöfn og Faxeyrarhöfn segir: „Reiknað er með landfyllingu út í Hornafjarðarós og nýjum hafnarmannvirkjum þar, sem útfærð verði nánar á deiliskipulags- og framkvæmdastigi og á grundvelli umhverfismats skv. lögum nr. 111/2021. Lögun og stærð landfyllingar taki mið af því mati. Afmörkun og lögun svæðis skal skilgreind í deiliskipulagi.“ Framangreindri ábendingu um jarðminjar er vísað til deiliskipulags og umhverfismats á áætлана- og framkvæmdastigi.

- e. **Faxeyrarhöfn - friðlandið Ósland:** Náttúrustofan minnir á „nálægð Faxeyrarhafnar við friðlandið Ósland, þangað sem margir heima- og ferðamenn heimsækja. Þarf óhjákvæmilega að taka mið af því hvað varðar umferðaröryggi og athafnasvæði.“

Svar: Í almennum ákvæðum fyrir hafnarsvæðið segir: „Huga skal að öruggri umferð virkra ferðamáta innan hafnarsvæðis og milli þess og annarra hluta bæjarins. tryggja öruggt samspil athafnalífs á hafnarsvæði og almennrar umferðar íbúa og ferðafólks.“

- f. **Faxeyrarhöfn - válisti fugla:** Náttúrustofan bendir á „að árið 2025 var válisti fugla uppfærður, og eru þó nokkrar tegundir sem nýta sér Skarðsfjörð nú á válista. Fjórar tegundir ná alþjóðlegum verndarviðmiðum í Skarðsfirði. Það eru jaðrakan á fartíma, æðarfuglar í felli, sandlóa og lóupræll. Þrjár þessara tegunda eru á válista, lóupræll í nokkurri hættu (VU) og jaðrakan og æðarfugl í yfirvofandi hættu (NT). Þrjár aðrar vaðfuglategundir nýta sér Skarðsfjörð að einhverju leiti og eru þær allar í nokkurri hættu (NT), þær eru tjaldur, heiðlóa og stelkur.“ Einnig segir í umsögninni: „Leirurnar sem ætlað er að fylla upp í eru skráðar sem kræklingaleirur á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunnar hafa þær mjög hátt verndargildi og teljast til mikilvægra

Svar: Ábendingunni er vísað til umhverfismats á deiliskipulags og framkvæmdastigi.

-

h. **Þjóðvegur í þéttbýli - þverun Sílavíkur:** „Náttúrustofan vill benda á að mikilvægt er að fyrirhugaðir valkostir sem þvera Sílavík (valkostir c-e eða 3-4) skerði ekki sjávarföll þar en sú skerðing hefur líklega neikvæð áhrif á lífríki leiranna, sem líkt og áður hefur komið fram njóta verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

i. **Skógrækt - áhrif á lífríki og kolefnisbúskap:** „Leitast skal eftir því að minnka neikvæð áhrif skógræktar eftir fremsta megni, s.s. með vali á tegundum, staðsetningu, aðferðum

við gróðursetningu o.fl. Fyrst ber að nefna að plægingar hafa neikvæð áhrif á lífríki, plöntutegundum fækkar marktækt og ójafnvægi verður í samsetningu hryggleysingja. Plægingar geta valdið umtalsverðri losun kolefnis, sérstaklega þar sem jarðvegur er kolefnisríkur og þá helst þar sem finna má svartjörð *Histic Andosol* og mójörð *Histosol*. Því skal leitast eftir því að valda sem minnstu raski á grónu landi eða að nýta ógróið land til skógræktar.“

Svar: Í aðalskipulagstillögunni eru settar ítarlegar kröfur um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Þeim er ætlað að stuðla að því að ákvörðun um hvaða land verður tekið til skógræktar verði vel ígrunduð, sem og hvernig staðið verður að skógræktinni. Í gagnakröfunum er m.a. vísað til gæðaviðmiða Lands og skógar. Einnig er vísað til leiðbeininga um skógrækt. Þá þarf skógrækt að vera í samræmi við ýmis önnur markmið og ákvæði aðalskipulagsins s.s. hvað varðar votlendi og ágengar tegundir. Þessi nálgun sýnir stefnu sveitarfélagsins í skógræktarmálum og ekki eru taldar forsendur til að ákvarða nánar hvar rækta skal skóg eða ekki, þar sem það krefst meiri greiningar en aðalskipulagsgerð býður upp á, auk þess sem slík greining ætti að vera á könnu Lands og skógar sbr. ákvæði um svæðisáætlanir í 4. gr. laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt.

- j. **Skógrækt - verndun eða endurheimt:** „Á bls. 38 í forsendu- og umhverfisskýrslu er talað um neikvæð áhrif skógræktar á vaðfugla og að endurheimta skuli önnur landsvæði sem mótvægisáðgerð við gróðursetningu skóga. Náttúrustofan vill benda á að ákjósanlegra er að vernda svæði sem þegar eru lítt eða öröskuð, og að endurheimt eigi að vera annar kostur á eftir vernd óraskaðra svæða. Eftir endurheimt eru mörg vistkerfi lengi að ná sér í óraskað horf og í sumum tilfellum virðast þau ekki ná fyrra jafnvægi.“

Svar: Tekið er undir að mikilvægt er að vernda votlendi en ekki er alveg rétt farið með skilaboðin á bls. 38 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Með vísan í Fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar (Veðurstofa Íslands 2023) segir þar: „Skilyrði fyrir vaðfugla munu líklega fara versnandi vegna gróðurbreytinga vegna hlýnnunar en einnig vegna búsvæðataps vegna áforma um aukna skógrækt og ræktun orkuplantna sem mótvægisáðgerðir við loftslagsbreytingum. Það er mögulega hægt að koma til móts við búsvæðatapið með endurheimt votlendis.“ Hér er því bent á endurheimt sem mögulega leið til að takast á við umhverfisbreytingar vegna loftslagsmála, auk skógræktar og annarrar ræktunar.

- k. **Skógrækt - jaðarsvæði:** „Neikvæð áhrif skógræktar á vaðfugla eru ótvíræð og margar vaðfuglategundir þrífast einna best hér á landi. Við berum því ábyrgð á þessum tegundum í alþjóðasamhengi. Jaðaráhrif vegna skógræktar geta náð hundruð metra út

fyrir skóganna sjálfa en vaðfuglar verpa síður á jaðarsvæðum en opnum svæðum fjær skógum. Því er mikilvægt að velja trjátegundir sem stunda ekki sjálfsáningu, en sjálfsáning stækkar jaðarsvæði skóganna. Eitt af skilyrðum til skógræktar ætti að vera að vernda jaðarsvæðin. Í skýrslunni um *Alþjóðlegar leiðbeiningar um sjálfbæra notkun framandi trjátegunda til að koma í veg fyrir óhóflega útbreiðslu og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra* er lögð áhersla á að bregðast skjótt við og taka upp sjálfsáðar ágengar tegundir sé því komið við en ella að leita annarra leiða til að hefta útbreiðslu þeirra.“ Einnig segir í umsögninni: „Ein aðferð sem gæti nýst sem annar valkostur væri að gróðursetja birkibelti (*Betula pubescens*) utan um skóglendi sem inniheldur innfluttar tegundir en það eru uppi tilgátur um að það geti dregið úr sjálfsáningu innfluttra ágengra tegunda utan skilgreindra skógræktarsvæða. Stafafura (*Pinus contorta*) er dæmi um tegund sem hefur sýnt að hún hefur mikla sjálfsáningargetu hér á landi sem óneitanlega getur haft neikvæð áhrif á aðliggjandi vistkerfi þegar hún tekur þau yfir, líkur eru á því að hún flokkist sem ágeng tegund innan fárra ára. Á bls. 217 í skipulagsgreinargerð er sérstaklega minnst á að ekki sé heimilt að nota stafafuru til skógræktar í sveitarfélaginu, Náttúrustofan styður þessa framsetningu heilshugar og vonar að henni verði framfylgt að öllu leiti og að leitast verði eftir því að fjarlægja þær stafafurur sem nú þegar eru í sveitarfélaginu sé því komið við. “

Svar: Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu verður bætt inn umfjöllun um mögulega meðhöndlun jaðarsvæða í undirkaflann „Gróðurfar“ sem er í skýringum við markmið LL.1 Heilbrigði vistkerfa, líffræðileg fjölbreytni og náttúrufarssérkenni. Í skipulagsgreinargerð verður bætt eftirfarandi rauðum texta í leið að markmiði LL.1 þar sem segir „Vinna gegn framgangi ~~ágengi~~ framandi ágengra tegunda, s.s. með gróðursetningu birkibelta á jaðarsvæðum skógræktarsvæða.“

Varðandi ákvæði um trjátegundir og stafafuru sérstaklega, sjá lið 22.k í svörum við umsögn Lands og skógar.

1. **Aðrar ábendingar:** „Á bls. 60 í forsendu- og umhverfisskýrslu aðalskipulagsins er talað um Fjallamennskunám Framhaldsskóla Austur Skaftafellssýslu en það nám fer nú fram hjá Fjallaskóla Íslands. Vísað í reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skólp á bls. 28 og 80 í forsendu- og umhverfisskýrslu aðalskipulagsins. Sú reglugerð er ekki í gildi heldur reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Ganga þarf úr skugga um að aðalskipulagið samræmist nýrri reglugerð.“

Svar: Gögnin verða lagfærð í samræmi við ábendingarnar.

15. Náttúrufræðistofnun

- a. **Fyrri umsögn:** „Náttúrufræðistofnun veitti ítarlega umsögn um aðalskipulagið á vinnslustigi þann 6. ágúst 2025. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér auglýsta tillögu og telur að fyrri athugasemdir eigi enn við og vísar því í fyrri umsögn sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.“

Svar: Vísað er til fyrri svara sveitarfélagsins í minnisblaði með fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 1.10.2025. Minnisblaðið var birt í Skipulagsgátt 3.11.2025 og einnig á vef sveitarfélagsins. Í samræmi við þau svör voru gerðar nokkrar lagfæringar á tillögunni áður en hún var auglýst.

- b. **Landfyllingar og jarðminjar:** Náttúrufræðistofnun tekur „undir athugasemdir sem koma fram í umsögn Náttúrustofu Suð austurlands vegna landfyllinga út á leirur í Fjárhúsavík og um merkar jarðminjar, trjábolaför, sem hætta er á að raskist þar sem þær eru innan marka fyrirhugaðs hafnarsvæðis í Hornafjarðarósi.“

Svar: Vísað er til svara við umsögn Náttúrustofu Suð austurlands, lið 14.d.

16. Klaus Kretzer, Svínafelli

- a. **Uppbygging í námunda við Skaftafell:** Bent er á „að öll áformuð uppbygging í námunda við Skaftafell þarf að setja í bið þangað til að íbúar Öræfa hafa fengið endanlega úr því skorið hvort núgildandi deiliskipulag hefur verið afgreitt skv. lögum. Sú vinna er ennþá í gangi. Það er rétt að benda á að bæjarfulltrúar hafa viðurkennd handvömm við afgreiðslu deiliskipulags og beðist afsökunar á því á íbúafundum. Ennfremur er bent á að bæjarstjórn Hornafjarðar hefur með engu móti sinnt skyldu sína gagnvart UNESCO World Heritage Site og hvorki tilkynnt skipulagstillögurnar til UNESCO né gert úttekt á því hvort áformuð uppbygging er í samræmi við kröfur sem eru settar á íslensk stjórnvöld og eru forsendur fyrir tilnefningu sem World Heritage Site.“

Svar: Sveitarfélaginu er ekki kunnugt um að lögmæti umdeilds deiliskipulags sé til endurskoðunar. Ákvarðanir í málinu voru teknar í samræmi við skipulagslög, sbr. fréttatilkynningu frá 8.12.2025

(<https://www.hornafjordur.is/frettir/um-uppbyggingu-vid-skaftafell-skyringar-og-samhengi>). Eins er bent á að kæra til ÚUA (mál nr. UUA2601006) féll kærendum ekki í vil. Umsagnaraðili hefur einnig gert athugasemdir við yfirstandandi deiliskipulagsbreytingu fyrir Skaftafell III og IV. Aðilum er frjálst að nýta kærurétt sinn, en samkvæmt 5. gr. laga um ÚUA frestar kæra ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Þá hefur Náttúruverndarstofnun

ekki bent á að skylt sé að leita umsagnar UNESCO vegna aðalskipulags á jaðri þjóðgarðs á Heimsminjaskrá.

17. Náttúruverndarstofnun

- a. **Samhengi markmiða og skipulagsákvæða:** „Að mati stofnunarinnar er þó mikilvægt að skýrt samhengi sé milli þeirra markmiða sem sett eru fram og þeirra skipulagsákvæða sem eiga að tryggja framfylgd þeirra. Til að markmið um náttúruvernd hafi raunverulegt vægi við framfylgd skipulagsins þurfa þau að endurspeglast með skýrum, framkvæmanlegum og bindandi ákvæðum um landnotkun, deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar, einkum á svæðum þar sem fyrir liggja viðkvæm náttúrufarsgildi eða sérstakt verndargildi.“

***Svar:** Skipulagsákvæði fyrir hvern landnotkunarflokk hafa verið mótuð m.t.t. markmiða og leiða í stefnuhluta aðalskipulagstillögunnar. Við mótun og afgreiðslu aðalskipulagsbreytinga, deiliskipulags, deiliskipulagsbreytinga og leyfisumsókna verður jafnframt lögð áhersla á að beita gátlista umhverfismats, í kafla 3.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Sjá að öðru leyti svör við athugasemdum Landverndar í liðum nr. 13 a, b og c.*

- b. **Vatnajökulsþjóðgarður:** „Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að tryggt verði að öll stefnumótun og rammaákvæði aðalskipulags um svæði innan og við þjóðgarðinn séu í fullu samræmi við gildandi verndaráætlun. Í því felst m.a. að ekki verði mótaðar stefnur eða heimildir sem kunna að ganga gegn ákvæðum verndaráætlunar um landnotkun, framkvæmdaleyfi eða aðgengi.“

***Svar:** Vísað er til fyrri svara sveitarfélagsins í minnisblaði með fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 1.10.2025. Minnisblaðið var birt í Skipulagsgátt 3.11.2025 og einnig á vef sveitarfélagsins. Þar segir: „Í aðalskipulagstillögunni er vísað í stjórnunar- og verndaráætlun í sérákvæðum landnotkunarreita innan Vatnajökulsþjóðgarðs, enda eru sveitarstjórnir „bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs“ skv. lögum nr. 60/2007 um þjóðgarðinn. Einnig var þessi háttur hafður á vegna þess að:*

- *Sveitarstjórn hefur aðkomu að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í gegnum svæðisráð sbr. 7. og 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð.*
- *Gera skal all nákvæma grein fyrir margvíslegum skipulagsþáttum í stjórnunar- og verndaráætlun sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 303/2020 um Vatnajökulsþjóðgarð þar sem segir: „Þar skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum ..., einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum,*

göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum. ... einnig [skal] gerð grein fyrir reiðhjóla- og reiðleiðum, auk mengunarvarna og fleiri þátta.“ Ennfremur segir í greininni: „Mannvirkjagerð, vegagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulshjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í stjórnunar- og verndaráætlun.“

Ofangreint þýðir að í stjórnunar- og verndaráætlun eru margþætt markmið og ákvæði sem óþarfi og erfitt er að endurtaka í aðalskipulagi, auk þess sem þau kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulags. Með vísun í stjórnunar- og verndaráætlun gerir aðalskipulagið markmið og ákvæði sem þar eru að sínum og skal við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar fara eftir þeim. Ekki ætti því að fara á milli mála hvaða aðalskipulagsákvæði gilda á reitunum.“

Til viðbótar við þetta svar er bent á að ef skilgreina á nýja landnotkunarreiti innan Vatnajökulshjóðgarðs, s.s. VP-reiti eða AF-reiti, þá kallar það á aðalskipulagsbreytingu. Þannig tekur aðalskipulagið til ákvörðunar um staðsetningu, tegund starfsemi (sbr. skilgreiningu viðkandi landnotkunarflokka) og mörk landnotkunarreita, en vísar ákvæðum fyrir reitina að öðru leyti (hvað varðar umfang og útfærslu mannvirkja, eftir því sem við á) til stjórnunar- og verndaráætlunar, með hliðsjón af því að hún er rétt hærrí en aðalskipulag og sveitarfélagið hefur aðkomu að vinnslu hennar. Ef bæta á inn skipulagsákvæðum um einkenni og umfang mannvirkja fyrir alla landnotkunarreiti innan hjóðgarðs munu breytingar á þeim alltaf kalla bæði á breytingu á aðalskipulagi og stjórnunar- og verndaráætlun.

c. Grannsvæði Vatnajökulshjóðgarðs og áskoranir vegna uppbyggingar:

„Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt „allt land sveitarfélagsins sé í nálægð við þjóðgarðinn“ stendur sveitarfélagið frammi fyrir þeirri sérstöku áskoran að samræma áframhaldandi uppbyggingu ferðabjónustu, samgangna, skógræktar og annarrar landnýtingar við verndargildi Vatnajökulshjóðgarðs og áhrifasvæðis hans. Svæðin eru mismunandi og við skipulagsvinnu er mikilvægt að gera greinarmun á því hvort um er að ræða helstu náttúruperlur þjóðgarðsins eða hvort um er að ræða svæði sem fyrst og fremst er landbúnaðarsvæði þó þar sjáist til jökuls og þar með þjóðgarðs. Að mati Náttúruverndarstofnunar er ekki nægilegt að vísa eingöngu til stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins eða 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Aðalskipulagið þarf sjálft að marka skýr viðmið um uppbyggingu á svæðum sem liggja innan eða í grennd við þjóðgarðinn, með tilliti til landslags, ásýndar, líffræðilegrar fjölbreytni og upplifunar gesta. Stofnunin leggur því áherslu á að sett verði skýrari skipulagsákvæði fyrir viðkvæma landnotkunarreiti í nágrenni þjóðgarðsins, þannig að

samanlögð áhrif uppbyggingar leiði ekki til rýrnunar á verndargildum Vatnajökulsþjóðgarðs. Í því samhengi vekur stofnunin athygli á fyrirhugaðri uppbyggingu í Skaftafelli (Skaftafell II - III/IV) og við Hoffell, þar sem uppbyggingarhugmyndir liggja í jaðri þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að gera ríkar kröfur um að slík uppbygging verði ekki til þess að rýra verndargildi þjóðgarðsins. Það er bæði hagsmunamál sveitarfélagsins og þjóðgarðsins að tryggja að náttúran sem uppbyggingin sækir gildi sitt til verði áfram varðveitt óskert.“

***Svar:** Varðandi ákvæði innan þjóðgarðs er vísað til svars í lið 17.b hér að framan.*

Varðandi landnotkun og ákvæði á jaðri þjóðgarðs er vísað til fyrri svara sveitarfélagsins í minnisblaði með fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 1.10.2025. Minnisblaðið var birt í Skipulagsgátt 3.11.2025 og einnig á vef sveitarfélagsins. Þar segir: „Í aðalskipulagstillögunni eru sett ítarlegri almenn ákvæði um náttúruvernd en í fyrra aðalskipulagi og telur umhverfis- og skipulagsnefnd því ekki þörf á að setja sérstök ákvæði um grannsvæði þjóðgarðs enda er allt land sveitarfélagsins í nálægð við hann. Í kafla 9.22 verður minnt á 54. gr. náttúruverndarlaga sem segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Varðandi skipulagsákvæði á landnotkunarreitum í grennd Skaftafells: Sjá svar við lið 16.a hér frammar.

- d. **Efnistaka innan þjóðgarðs:** „Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir um efnistöku innan þjóðgarðsins séu í samræmi við gildandi verndaráætlun, þar sem kveðið er á um að kortleggja þurfi núverandi svæði, gera frágangsáætlun og loka þeim sem ekki hafa heimild í framhaldsvinnunni. Grjótnám við Breiðá er eina undantekningin sem sérstaklega er tilgreind í verndaráætlun. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að taka E-367 Nýgræðukvíslar og E-409 Breiðamerkursand út úr aðalskipulaginu. Þá þarf að skýra betur eðli E-352 Breiðárlóns, þar sem reiturinn virðist fremur vera geymslu- eða vinnslusvæði fyrir gabbró en eiginlegt efnistökusvæði.“

***Svar:** Til samræmis við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs verða reitir E-367 og E-409 felldir út úr aðalskipulagstillögunni.*

Grjótnám við Breiðá er á reit E-36 í gildandi aðalskipulagi sem er reitur E-348 í aðalskipulagstillögunni. Upplýsingar um námuna má finna á vef Vegagerðarinnar: „Náma E-63 við Breiðárlón á Breiðamerkursandi í Sveitarfélaginu Hornafirði. Könnun á

matsskyldu vegna efnistöku Hönnunardeild og Austursvæði Vegagerðarinnar – ágúst 2022. “

*Náma E-352 Breiðarlón hefur heitið E-82 í gildandi aðalskipulagi og þar skilgreind sem efnislosunarsvæði fyrir grjót úr svæði E-63, sbr. einnig framangreinda skýrslu Vegagerðarinnar um námu E-63. Í auglýstri aðalskipulagstillögu hafa skipulagsákvæði fyrir E-348 og E-352 víxlast og **verður það lagfært**.*

- e. **Náttúruminjaskrá - aðrar náttúruminjar:** „Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að svæði á náttúruminjaskrá, aðrar náttúruminjar, séu sýnd sérstaklega á þemaupprætti. Stofnunin bendir þó á að umfjöllunin er að mestu almenn og ekki er með nægilega skýrum hætti gerð grein fyrir einstökum svæðum, forsendum skráningar þeirra eða því verndargildi sem skráningin byggir á. Að mati Náttúruverndarstofnunar er ekki fullnægjandi að vísa eingöngu til þemauppráttar og almennra ákvæða. Stofnunin mælir með að í greinargerð verði bætt við stuttu yfirliti yfir helstu svæði á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsins, þar sem fram komi meginforsendur skráningar, helstu verndargildi, s.s. lífríki, fjörur, leirur, votlendi, jarðmyndanir, landslag, fuglalíf eða heildstæði svæða, og hvort fyrirhuguð landnotkun eða mannvirkjagerð kunni að hafa áhrif á þau.

***Svar:** Í skipulagsgreinargerð í kafla 9.23 um „aðra náttúruvernd“ er vísað í kortasjá Náttúrufræðistofnunar og vef Náttúruverndarstofnunar þar sem er að finna skýrar og góðar upplýsingar um svæði á B- og C-hluta náttúruminjaskrár. C-hluta svæði eru jafnframt sýnd í aðalskipulagsvefsjá. Ekki þykir því þörf á að birta þær upplýsingar í aðalskipulaginu enda geta þær tekið breytingum á gildistíma skipulagsins.*

- f. **Skilmálar um náttúruvernd:** Náttúruverndarstofnun telur jafnframt að skilmálar um aðra náttúruvernd séu of veikir. Orðalag á borð við að „fara með gát“, „leitast við“ að raska sem minnst og „huga að“ mikilvægi svæðanna tryggir ekki með nægilega skýrum hætti að verndargildi þeirra verði lagt til grundvallar við ákvarðanir um landnotkun, deiliskipulag og leyfisveitingar. Náttúruverndarstofnun leggur því til að ákvæðin verði styrkt þannig að skýrt komi fram að landnotkun, mannvirkjagerð og framkvæmdir á eða í grennd við svæði á náttúruminjaskrá skuli ekki rýra verndargildi þeirra, raska þeim náttúrufarsþáttum sem skráningin byggir á eða skerða heildstæði svæðanna. “

***Svar:** Um svæði sem falla undir „aðra náttúruvernd“ sbr. kafla 9.23 í skipulagsgreinargerð gilda lagaákvæði og er vísað til þeirra í kaflanum, þ.e. 33. gr og 61. gr. laga um náttúruvernd. Sjá einnig svar við umsögn Landverndar í lið 13.k.*

- g. **Náttúruminjaskrá - tillaga að B-hluta:** „Innan sveitarfélagsins eru svæði sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðisstofnun á B-hluta náttúruminjaskrá þar á meðal Skarðsfjörður þar sem hann hefur hátt verndargildi vegna náttúrulegra fjara og leira sem eru mikilvæg búsvæði fugla og annarra lífvera. Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að fyrirbyggja frekari rask á verndargildi fjarðarins. Fyrirhuguð losun óvirks úrgangs í fjöruna getur dregið úr líffræðilegri fjölbreytni. Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt tillögur Náttúrufræðistofnunar hafi ekki hlotið lögbundna afgreiðslu sem B-hluti náttúruminjaskrár, fela þær í sér mikilvægar faglegar upplýsingar um verndargildi svæða. Að mati stofnunarinnar er því mikilvægt að tillögurnar verði nýttar með virkari hætti við landnotkunarákvarðanir, umhverfismat, mótun sértækra skipulagsákvæða og mat á framkvæmdum innan eða í nágrenni þeirra svæða sem tillögurnar taka til. Náttúruverndarstofnun mælir með að í aðalskipulaginu komi skýrar fram hvaða svæði innan sveitarfélagsins eru í tillögum Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár, hver helstu verndargildi þeirra eru og hvernig tryggt verði að fyrirhuguð landnotkun eða mannvirkjagerð rýri ekki þau verndargildi. Sérstaklega þarf að líta til svæða þar sem verndargildi byggir á votlendi, leirum, fjörum, mikilvægum fuglasvæðum, vistgerðum með hátt verndargildi eða jarðminjum.“

Svar: Í kafla 9.23 er vísað í tillögur Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár þar sem er að finna mjög góðar og aðgengilegar upplýsingar um tillögurnar, þ.m.t. í kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Þar sem tillögurnar hafa ekki verið samþykktar af Alþingi sem framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun, sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd, þykir ekki tilefni til að gera nánari grein fyrir þeim í aðalskipulagstillögunni. Sjá að öðru leyti svar við umsögn Landverndar í lið 13.k að framan.

- h. **Sérstök vernd náttúruverndarlaga - túlkun á „brýn nauðsyn“:**

„Náttúruverndarstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.“

Svar: Í kafla 9.23 er vísað í ákvæði 61. gr. en þar verður, í skýringahluta kaflans, bætt inn lagatextanum „Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. nema brýna nauðsyn beri til.“

- i. **Sérstök vernd náttúruverndarlaga - votlendi:** „Varðandi framræsinguna votlendis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þarf að koma fram að hún kemur aðeins til álita ef sýnt er fram á brýna nauðsyn og aðrir kostir eru ekki fyrir hendi. Matvæla- eða fæðingurframleiðsla getur því ekki ein og sér réttlætt röskun slíks votlendis. Endurheimt votlendis getur verið mótvægisáðgerð, en kemur ekki í staðinn fyrir að uppfylla þarf ákvæði ofangreindra laga.“

Svar: Fjallað er um mikilvægi votlendis á fjölmörgum stöðum í skipulagsgreinargerð og forsendu- og umhverfismatsskýrslu og í öllum landnotkunarköflum er vísað í kafla 9.23 um aðra náttúruvernd sem aftur vísar í 61. gr. laga um náttúruvernd.

- j. **Sérstök vernd laga um náttúruvernd - kort:** „Afmörkun þessara svæða er sýnd á kortavefsjá, en mikilvægt er að hún verði einnig birt á sérstöku korti í greinargerðinni. Ljóst er að skilyrði um vernd votlendis ná ekki til allra landnotkunarreita sem innihalda votlendi, t.d. Vp-741, Vp-46, V34 og efnistökusvæði E-47 og E-44. Nauðsynlegt er að setja samræmd skilyrði fyrir alla slíka reiti eða endurafmarka þá með hliðsjón af verndarsvæðum.“

Svar: Þemakort yfir svæði í náttúruverndarlaga og svæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd fylgdi auglýstri aðalskipulagstillögu. Í kafla 9.23 um svæði sem falla undir aðra náttúruvernd friðlýsingu, er gerð grein fyrir 61. gr. laga um náttúruvernd. Í kaflanum er eftirfarandi almennt ákvæði fyrir deiliskipulagsgerð og leyfisumsóknir: „Gera skal grein fyrir svæðum sem falla undir aðra náttúruvernd og áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á þau. Fara skal með gát og leitast við að raska lífríki og landslagi sem minnst. Huga skal að mikilvægi og sérstöðu svæðanna í íslensku og alþjóðlegu samhengi.“ Einnig segir: „Um vistkerfi og jarðminjar sem taldar eru upp í 61. gr. laga um náttúruvernd gilda ákvæði þeirrar greinar.“ Í öllum landnotkunarköflum er minnt á takmarkanir sem kunna að gilda á einstökum reitum og m.a.a vísað í kafla 9.22 og 9.23 um friðlýst svæði og aðra náttúruvernd. Ákvæðin miða að því að teknar séu upplýstar og gagnsæjar ákvarðanir.

- k. **Sérstök vernd náttúruverndarlaga - votlendi á landbúnaðarlandi:** „Stór hluti votlendis er á landbúnaðarlandi án sértækra skilmála um vernd. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að setja bindandi ákvæði í aðalskipulag um vernd votlendis á slíkum svæðum. Ef sveitarfélagið hyggst heimila landnotkun eða framkvæmdir sem fela í sér röskun á votlendi þarf skýrt að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta slíka röskun, í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.“

Svar: Í kafla 9.9 um landbúnaðarsvæði segir í almennum ákvæðum: „Framræsing votlendis er ekki æskileg vegna áhrifa á kolefnisbúskap og lífríki, en getur komið til álita

*ef hún er nauðsynleg forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu. Þá skal leitast við að endurheimta votlendi annarsstaðar sem mótvægisáðgerð. Framræsluframkvæmdir sem hafa áhrif á ≥ 2 ha eru háðar framkvæmdaleyfi og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Tilkynna skal áform um framræslu sem er innan við þessi mörk til umhverfis- og skipulagsnefndar; til að fá úr því skorið hvort afla þurfi framkvæmdaleyfis. “ **Parna verður bætt inn texta** um að votlendi sem er ≥ 2 ha fellur undir ákvæði 61. gr. laga um náttúruvernd sem m.a. kveður á um að forðast beri að raska slíkum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til, sbr. einnig kafla 9.23 um aðra náttúruvernd.*

1. **Líffræðilegur fjölbreytileiki:** „Náttúruverndarstofnun bendir á að stefna stjórnvalda, Líffræðileg fjölbreytni – stefna og markmið til ársins 2030, leggur áherslu á að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, vernda og endurheimta vistkerfi og samþætta vernd líffræðilegrar fjölbreytni í skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að í aðalskipulagstillögunni séu sett fram almenn markmið um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa og náttúrufars og að mikilvæg fuglasvæði og önnur verndarsvæði séu sýnd á þemauppdrætti. Slík framsetning styður við markmið laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, Bernarsamningsins, samningsins um líffræðilega fjölbreytni og stefnu stjórnvalda. Stofnunin bendir þó á að þemauppdráttur og almenn markmið þurfa að hafa skýr áhrif á ákvarðanir um landnotkun, deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að tryggja að sambærileg viðmið gildi um alla landnotkun sem getur haft áhrif á mikilvæg fuglasvæði, búsvæði og fæðusvæði fugla, svo sem veglagningu, efnistöku, efnislosun, landfyllingar, hafnarstarfsemi, skógrækt, ferðaþjónustu og mannvirkjagerð á strandsvæðum. Náttúruverndarstofnun telur að almenn umfjöllun sé jákvæð, en hún komi ekki í stað skýrari og mælanlegra viðmiða um vernd, endurheimt og vöktun. Þar sem skipulagsgögnin sjálf skilgreina líffræðilega fjölbreytni sem sérstakan umhverfisþátt telur stofnunin að fyrir liggi nægur grundvöllur til að setja einföld, framkvæmanleg og svæðisbundin viðmið um hvernig vernd og endurheimt verði tryggð við framfylgd aðalskipulagsins. Sérstaklega þarf að líta til þess að innan sveitarfélagsins eru votlendi, fjörur, leirur, grunnsævi og önnur búsvæði sem hafa mikla þýðingu fyrir fuglalíf, þar á meðal ábyrgðartegundir Íslands, tegundir á válista og tegundir sem falla undir alþjóðlegar verndarskuldbindingar. “

***Svar:** Vísað er til fyrri svara sveitarfélagsins í minnisblaði með fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar 1.10.2025. Minnisblaðið var birt í Skipulagsgátt 3.11.2025 og einnig á vef sveitarfélagsins. Þar segir: „Umhverfis- og skipulagsnefnd telur ekki liggja fyrir forsendur til að setja mælanleg markmið í þessum efnum en bendir á að í*

aðalskipulagstillögunni er komið inn á og fjallað um líffræðilega fjölbreytni í ýmsu samhengi, sbr. listann hér að neðan, sem sýnir að það er skýr stefna að gæta fjölbreytninnar og hlúa að henni:

- *Í undirkaflanum Auðlindir og vistkerfisþjónusta í kafla 2.2 um umhverfi.*
- *Í kafla 2.5 um megináskoranir.*
- *Í boxi um þjónustu vistkerfa í kafla 4 um vistkerfi og auðlindir.*
- *Í markmiði LL.1 um heilbrigði vistkerfa, líffræðilega fjölbreytni og náttúrufarssérkenni, í kafla 4.4 um lífríki og landslag, sbr. einnig umfjöllun í kafla með sama númer og heiti í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.*
- *Í markmiði ÞA.4 um fjölbreyttan og vistvænan landbúnað í kafla 6.1 um þróun atvinnulífs.*
- *Í almennum ákvæði, fyrir landbúnaðarsvæði, um endurheimt náttúrulegra skóga, í kafla 9.9.*
- *Í kröfum til gagna með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt, í kafla 9.10.*
- *Í umfjöllun um nýtingu sjávarauðlinda innan netlaga, í kafla 9.20.“*

Í svörum nefndarinnar frá í október 2026 segir einnig: „Í skipulagsgreinargerð er fjallað um búsvæði fugla og mikilvæg fuglasvæði í kafla 2.2 og sett er markmið um að við landnotkun og mannvirkjagerð sé tekið tillit til búsvæða fugla, sbr. markmið LL.1 og skýringar við það í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Í almennum skipulagsákvæðum um nýtingu vindorku og skógrækt er sérstaklega kallað eftir að fjallað sé um áhrif á fuglalíf og í gátlista fyrir umhverfismat í forsendu- og umhverfismatsskýrslu eru mikilvæg fuglasvæði einn af umhverfisþáttunum sem meta ber. Á lista yfir efnivið fyrir viðmið/matsspurningar í umhverfismati verður bætt inn samningum kenndum við Bern og Ramsar en engin Ramsarsvæði eru í sveitarfélaginu, sbr. kafla 3.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu

Þá er í aðalskipulagsvefsjá birt grunngögn um mikilvæg fuglasvæði og ýmis gögn um náttúrufar sem nýtast munu við deiliskipulagsgerð og umhverfismat á því stigi og við aðalskipulagsbreytingar. Reiknað er með að eftir því sem ný landfræðileg gögn verða til um náttúrufar sveitarfélagsins verði þau gerð aðgengileg í aðalskipulagsvefsjá.“

- m. **Afþreyingarsvæði og ferðaþjónusta - Lónsöræfi:** „Náttúruverndarstofnun bendir á að AF-reitir innan friðlands Lónsöræfa þurfa að hafa samræmda og rétta skilmála sem taka mið af friðlýsingu svæðisins. Þar sem Lónsöræfi eru utan Vatnajökulsþjóðgarðs er ekki rétt að vísa til stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs sem bindandi skilmála fyrir AF-644 Eskifell. Jafnframt bendir stofnunin á að í Eskifelli eru birkiskógar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Stofnunin mælir með að skilmálar reitanna verði lagfærðir þannig að uppbygging verði lágstemmd og minniháttar, án nýrrar vegagerðar, í samræmi við friðlýsingarskilmála Lónsöræfa og í samráði við Náttúruverndarstofnun. Þá þarf að skýra að AF-412 sé aðeins áningarstaður án þjónustu og tjaldsvæðis.

Svar: Í samræmi við gildandi aðalskipulag verða sett inn eftirfarandi sértæk skipulagsákvæði fyrir reit AF-644 Eskifell: „Tjaldsvæði, áningarstaður, fjallaskáli“ með þessari viðbót: „Lágstemmd uppbygging og minniháttar, án nýrrar vegagerðar.“ Viðbótin er í samræmi við tillögu að sértækum ákvæðum fyrir AF-624 Múlaskála og verða sömu ákvæði sett fyrir AF-623 Egilssel en allir þrír reitirnir eru innan friðlands Lónsöræfa og verður í sérákvæðum reitanna einnig vísað í reglur í auglýsingu nr. 31/1977 í Stjórnartíðindum B um friðlýsingu á Lónsöræfum, sbr. landnotkunarreit FS-619.

Þar sem á reit AF-412 er ekki gert ráð fyrir þjónustu eða tjaldsvæði verður sá reitur felldur út, sem er í samræmi við almenn ákvæði fyrir óbyggð svæði í kafla 9.11 þar sem segir: „Minni áningarstaðir og áningarhólf, t.d. með bekkjum, borðum, eða gerði/girðingu, eru heimil. Staðsetja og hanna skal mannvirki, m.a. með tilliti til hæðarsetningar, forms, efnis- og litavals, þannig að þau falli vel að náttúrufari og landslagi, skapi fallegt sjónrænt yfirbragð. Landslagsmótun og gróðursetning falli sem best að náttúrufari og landslagi.“

- n. **Afþreyingarsvæði og ferðaþjónusta - stýring ferðamanna:** „Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í stefnu um ferðaþjónustu og áfangastaði verði hugað að virkri stýringu ferðamanna, þannig að umferð sé beint að svæðum sem þola aukið álag, en viðkvæmum svæðum með hátt náttúruverndargildi verði hlíf.

Svar: Ekki er alveg ljóst hvað átt er við með virkri stýringu en í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðahverfa í hverri sveit sveitarfélagsins og svigrúm er fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu og áningarstaða í öllum hlutum þess, sem getur stuðlað að því að álag vegna ferðafólks dreifist á marga staði frekar en fáa.

- o. **Höfn - landfyllingar, Skarðsfjörður, strandsvæði:** „Náttúruverndarstofnun bendir á að uppbygging við Höfn, þ.m.t. hafnarstarfsemi, sjóvarnir, fráveita og landfyllingar, getur haft áhrif á fjörur, leirur, grunnsævi, setflutninga, lífríki og fuglalíf. Sérstaklega þarf að líta til nálægðar við Skarðsfjörð, sem hefur hátt verndargildi vegna fjöru- og leirusvæða, grunnsævis og mikilvægis fyrir fugla. Að mati stofnunarinnar þarf að skýra betur forsendur og áhrif fyrirhugaðrar stórrar landfyllingar við Höfn, H-57, og hvernig tryggt verði að hún rýri ekki verndargildi nærliggjandi strandsvæða eða Skarðsfjarðar. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að almenn efnislosun verði ekki heimiluð út í

fjörð, fjöru eða grunnsævi. Ef koma þarf efni fyrir vegna viðhalds innsiglingar þarf að afmarka viðeigandi svæði og sýna fram á að ráðstöfunin hafi ekki neikvæð áhrif á botngerð, setflutninga, lífríki, fuglalíf eða verndargildi Skarðsfjarðar og annarra strandsvæða.“

Svar: Stækkun svæðis H-57 með landfyllingum er í samræmi við gildandi aðalskipulag og var sú skipulagsákvörðun því ekki tekin fyrir í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar, sbr. kafla 3.2 nálgun við umhverfismat í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Nánari mörk landfyllingar og umfjöllun um umhverfisáhrif er vísað á deiliskipulags- og framkvæmdastig, sbr. sértæk skipulagsákvæði um þann hluta H-57 sem tekur til fyrirhugaðrar Faxeyrarhafnar sem segja: „Reiknað er með landfyllingu út í Hornafjarðarós og nýjum hafnarmannvirkjum þar, sem útfærð verði nánar á deiliskipulags- og framkvæmdastigi og á grundvelli umhverfismats skv. lögum nr. 111/2021. Lögun og stærð landfyllingar taki mið af því mati. Afmörkun og lögun svæðis skal skilgreind í deiliskipulagi.“

- p. **Veglagning í drefibýli:** „Náttúruverndarstofnun bendir á að við val á veglínunum í dreifbýli þarf að byggja á heildstæðu og rökstuddu mati. Náttúruvernd þarf að vera sjálfstætt og veigamikil viðmið við val á legu vega, sérstaklega þar sem fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa áhrif á viðkvæm eða vernduð svæði, en ekki einungis vísa í aðra áætlanagerð. Þar sem veglína kann að raska votlendi, sjávarfitjum, fuglasvæðum, landslagi eða svæðum á náttúruminjasrá þarf að gera skýra grein fyrir því hvernig valkostir hafa verið metnir með tilliti til náttúruverndar og hvernig leitast hefur verið við að forðast eða lágmarka rask. Ef um er að ræða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þarf jafnframt að liggja fyrir rökstutt mat á brýnni nauðsyn framkvæmdarinnar, raunhæfum valkostum og því hvort unnt sé að komast hjá raski. Ef rask verður ekki hjá því komist þarf að setja skýr skilyrði um að forðast, mótvægisáðgerðir, endurheimt og vöktun“

Svar: Valkostir verða metnir skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana þegar þeir liggja fyrir frá Vegagerðinni og gerð aðalskipulagsbreyting með tilheyrandi kynningu, umsögnum og athugasemdafresti.

- q. **Vegalagning í Örafum:** „Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við frekari útfærslu veglínu í Örafum verði valin sú lega sem veldur minnstu raski og nýtir eftir föngum þegar röskuð svæði, núverandi slóða eða fyrirbyggjandi mannvirkjabelti, svo sem línuveg og byggðalínu. Mikilvægt er að í skipulagsgögnum komi skýrt fram hvernig valkostir hafa verið bornir saman með tilliti til náttúruverndar, landslags, óbyggðra víðerna og

áhrifa á verndargildi Vatnajökulsþjóðgarðs. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að tryggja að ný veglína rýri ekki verndargildi.”

Svar: Ábendingunni verður vísað til Vegagerðarinnar sem skilgreinir valkosti og sér um umhverfismat þeirra.

- r. **Veglína í Lóni:** „Í skipulagsgreinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir nýjum vegi milli Volasels og Reyðarár um nýja brú á Jökulsá í Lóni. Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð veglína liggur um óraskað svæði, raskar stórum og heilstæðum votlendissvæðum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og fer um svæði á náttúruminjaskrá, Lónsfjörð og Hvalnes. Verndargildi svæðisins byggir m.a. á grunnum firði með sérstæðum botngróðri, sjávarfítjum, mýrlendi, tjörnum, mikilvægi fyrir farfugla og sérstöku landslagi við Hvalnes. Þein áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika of verið að ganga á búsvæði þeirra. Að mati Náttúruverndarstofnunar er hætta á að veglagningin rýri verndargildi svæðisins verulega og þar með talið líffræðilegri fjölbreytni. Stofnunin leggur því áherslu á að veglínan verði endurskoðuð áður en aðalskipulagið verður samþykkt. Sú endurskoðun þarf að byggjast á fullnægjandi valkostagreiningu þar sem sérstaklega verði metnir kostir sem forðast eða draga verulega úr raski á votlendi, sjávarfítjum, fuglasvæðum og svæði á náttúruminjaskrá.“

Svar: Í aðalskipulagstillögunni er sýnd sama veglína og í gildandi aðalskipulagi. Vegagerðin vinnur að skilgreiningu nýrra legukosta í Lóni og er ábendingunni vísað í þá vinnu.

- s. **Vindorka:** „Náttúruverndarstofnun bendir á að mikilvægt sé að ákvæðin tryggi að áhrif slíkra mannvirkja séu metin áður en heimild er veitt, en ekki eingöngu gerð grein fyrir þeim. Að mati Náttúruverndarstofnunar geta allt að 25 m háar vindmyllur haft veruleg staðbundin áhrif á landslag, ásýnd, fuglalíf og upplifun, einkum í Hornafirði þar sem undirlendi er takmarkað, landslag opið og víða viðkvæmt fyrir sjónrænum áhrifum. “

Svar: Orðalagi í almennum ákvæðum fyrir landnotkunarsvæði í kafla 9.9 verður breytt þannig (rauður texti bætist við): „Hagnýting vindorku með vindrafstöð á þökum bygginga eða með stakri vindmyllu sem er með <1 MW rafafli og ≤25 m á hæð. Í skipulagsgögnum og/eða leyfisumsókn skal gera grein fyrir ~~áhrifum framkvæmdanna~~ ~~m.t.t.~~ á náttúru- og menningarminjar, landslags, ~~skuggavarps~~, ~~ljósflöts~~, ~~hljóðvistar~~, fuglalífs, ferðamennsku, aðliggjandi landnotkunar, mannvirkja og innviðia, o.fl. sem við getur átt. Einnig skal gera grein fyrir skuggavarpi og ljósflökti. Nýta skal tiltækar innlendar og erlendar leiðbeiningar um áhrif vindorkumannvirkja. Einnig skal gera grein fyrir samræmi við landsskipulagsstefnu og rammaáætlun. Í öllum tilvikum skal

vinna deiliskipulag ef setja á upp stakar vindmyllur og einnig ef vindrafstöðvar á þaki get haft áhrif á nágrannahagsmuni.“

- t. **Skógrækt:** „Náttúruverndarstofnun telur að sveitarfélagið hafi brugðist við hluta fyrri ábendinga með skýrari ákvæðum um skógrækt, stærðarmörk, votlendi og ágengar tegundir. Eftir stendur þó að skýra þarf hvernig sveitarfélagið tryggir yfirsýn yfir skógrækt undir 10 ha, þar sem slík skógrækt virðist almennt ekki framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt ákvæðum tillögunnar. Að mati stofnunarinnar þarf að koma skýrt fram að öll skógrækt, óháð stærð, skuli vera í samræmi við náttúruverndarákvæði aðalskipulagsins, þemagögn um mikilvæg fuglasvæði og verndarsvæði, 54. og 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem það á við. Sérstaklega þarf að tryggja að skógrækt undir framkvæmdaleyfismörkum verði ekki ráðist á votlendi, mikilvægum fuglasvæðum, svæðum með hátt verndargildi eða grannsvæðum þjóðgarðsins án þess að áhrif á náttúrufar, landslag, ásynd og verndargildi hafi verið metin.“

Svar: Í kafla 9.9 um landbúnaðarsvæði kemur fram að almenn ákvæði um landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði gilda um alla skógrækt, óháð framkvæmdaleyfisskyldu. Samsvarandi ákvæði verður bætt inn í kafla 9.23 um aðra náttúruvernd og verður orðað þannig: „Almenn ákvæði um skógrækt og landgræðslu í kafla 9.9 um landbúnaðarsvæði og í kafla 9.10 um skógræktar- og landgræðslusvæði, eiga við á öllum svæðum sem falla undir aðra náttúruvernd.“ Markmið aðalskipulagsins um náttúruvernd, jafnt sem aðra málaflokka, eiga síðan við um alla landnotkun og framkvæmdir óháð landnotkunarflokkum.

- u. **Óbyggð víðerni:** „Í greinargerð er fjallað um vernd óbyggðra víðerna hins vegar bendir stofnunin þó á að mikilvægt er að stefnan verði útfærð með skýrari hætti í skipulagsákvæðum aðalskipulagsins. Þar ætti að koma fram hvernig tryggt verði að uppbygging mannvirkja og innviða, svo sem vega, fjarskiptainnviða, orkuflutningsmannvirkja og ferðaþjónustuinnsviða, hafi ekki í för með sér óþarfa röskun á víðernisgildum eða skerðingu á óbyggðaupplifun.“

Svar: Flest þau svæði sem geta talist til víðerna í sveitarfélaginu eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs eða í landnotkunarflokknum óbyggð svæði, sbr. víðernagögn í aðalskipulagsvefsjá. Í því birtist stefna sveitarfélagsins. Sjá kafla 9.11 um óbyggð svæði í skipulagsgreinargerð.

- v. **Vegir í náttúru Íslands:** „Náttúruverndarstofnun bendir á að með umsögn þessari er stofnunin ekki að samþykkja vegi innan náttúru Íslands skv. 32. gr. laga nr. 60/2013 um

náttúruvernd og óskar stofnunin eftir samráðsfundi með sveitarfélaginu hvað þennan þátt varðar.“

Svar: Ekki hefur náðst að fá fulltrúa stofnunarinnar á fund um málið nú í ágúst en fundað verður áður en skráin verður samþykkt af bæjarstjórn og leitað verður samþykkis Náttúruverndarstofnunar á vegaskránni sbr. 2. gr. reglugerðar um vegi í náttúru Íslands.

18. Bændasamtök Íslands

- a. **Landnýting í þágu landbúnaðar:** „Í aðalskipulaginu segir að burðarstólpar atvinnulífs sveitarfélagsins séu ferðaþjónusta, sjávarútvegur og landbúnaður. Umfang landbúnaðar hafi minnkað á síðustu árum en samkvæmt mælaborði landbúnaðarins sé áfram stundaður fjölbreyttur landbúnaður í öllu sveitarfélaginu og ástæða til að styðja við hann með verndun góðs ræktunarlands. Samtökin leggja áherslu á að styðja skuli við landbúnað í öllu sveitarfélaginu og að unnið verði markvisst gegn framangreindu og landbúnaður eflur.“

Svar: Sjá svar við lið 18.b hér beint að neðan.

- b. **Verndun landbúnaðarlands:** „Bændasamtökin leggja áherslu á að vernda skuli allt landbúnaðarland og stuðla að því að það haldist í fjölbreyttri notkun.“

Svar: Í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði kafla 9.9 segir: „Í öllum tilvikum skal við landnotkun og mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum forðast að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um flokkun landbúnaðarlands. Leiðbeiningarnar kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulagsins og skal fara eftir þeim sem gilda á hverjum tíma. Nýta skal tiltæk gögn um flokkun landbúnaðarlands á landsvísu sem grunn að frekara mati á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Þess skal gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu. Leitast skal við að vernda landbúnaðarland sem flokkast sem mjög gott ræktunarland eftir slíkt mat. Skjólbelti eru þó heimil á slíku landi.“

Samsvarandi ákvæði er í kafla 9.10 um skógræktar- og landgræðslusvæði: „Forðast skal að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um flokkun landbúnaðarlands. Leiðbeiningarnar kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulagsins og skal fara eftir þeim sem gilda á hverjum tíma. Nýta skal tiltæk gögn um flokkun landbúnaðarlands á landsvísu sem grunn að frekara mati á þeim svæðum þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Þess skal gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu. Leitast skal við að vernda

landbúnaðarland sem flokkast sem mjög gott ræktunarland eftir slíkt mat. Skjólbelti eru þó heimil á slíku landi. “

Einnig eru sett fram mun ítarlegri almenn ákvæði um alla landnotkunarflokka en í gildandi aðalskipulagi sem er ætlað að stuðla að því að öll landnotkun og mannvirkjagerð sé vel undirbúin á grundvelli greiningar á náttúrufari og landslagi, auk mats á verðmæti lands til akuryrkju og munu gögn um flokkun landbúnaðarlands á landsvísu verða þar góð viðbót. Einnig er sérstaklega bent á ítarlegar kröfur, m.v. gildandi aðalskipulag, um gögn sem þarf að leggja fram með framkvæmdaleyfisumsókn til skógræktar, sem m.a. annars eiga að tryggja að verðmætt akuryrkjuland sé ekki tekið til skógræktar.

Í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði segir ennfremur: „Gæta skal að ákvæðum jarðalaga. Með ósk um að leysa land úr landbúnaðarnotum skv. 5. gr. laganna, skal leggja fram þau gögn sem tilgreind eru í framangreindri lagagrein og gera grein fyrir samræmi áformanna við markmið aðalskipulagsins m.a. með hliðsjón af gátlista umhverfismats í forsendu- og umhverfismatsskýrslu þess. “

- c. **Ferðapjónusta á landbúnaðarlandi:** „Í kafla 9.3 um verslun og þjónustu er fjallað um heimila byggingu mannvirkja á landbúnaðarlandi í þágu ferðapjónustu. Samtökin benda á að gæta þurfi þess að skipulagsákvæði í dreifbýli gangi ekki nærri landbúnaðarstarfsemi eða séu svo rúm að landbúnaður á svæðinu dragist enn frekar saman. Gjalda þarf varhug við að nýta gott landbúnaðarland til annarrar starfsemi og þarf að líta sérstaklega til þess við ákvörðun skipulagsins að langtíma afnot landbúnaðarlands sé sem þjóni framangreindum markmiðum og hagsmunum sveitarfélagsins í heild. Leggja samtökin áherslu á að viðmið um heimila byggingu verði þrengd með framangreint að leiðarljósi.“

Svar: Almennum skipulagsákvæðum um ferðapjónustu á landbúnaðarsvæðum er m.a. ætlað að styðja við hefðbundinn landbúnað með því að gera ráð fyrir aukabúgreinum eins og ferðapjónustu.

- d. **Skógrækt og loftlagsmál - skilyrði fyrir framkvæmdaleyfi:** „Samtökin telja jákvætt að skógrækt sé veitt sjálfstæð staða með sérstökum landnotkunarflokki (SL). Þá byggji skipulagið upp skýran framkvæmda- og leyfisramma sem geti stuðlað að góðri og fyrirsjáanlegri málsmeðferð. Bent er á mögulegri hættu á að framkvæmd verði of matskennd vegna fjölbættra matsskilyrða. Þau eru t.a.m. mat á loftslagi og náttúruhamförum. Þetta getur gert framgang skógræktar torveldan og tryggja þarf að matsskilyrðin leiði ekki til þess.“

Svar: Sjá svör við sambærilegum ábendingum í umsögn Lands og skógar og umsögn Félags skógarbænda á Suðurlandi.

- e. **Takmörkun á skógrækt:** „Í þessu samhengi er vert að benda á að skógrækt er afturkræf landnýting sem útilokar ekki aðra notkun lands til frambúðar. Að mati samtakanna skal varast að takmarka skógrækt um of en slíkt fer þvert gegn markmiðum aðalskipulagsins sem eru meðal annars að draga úr hættu vegna náttúruvár, þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga og beita aðgerðum til að koma í veg fyrir röskun vistkerfa. Einnig er vert að undirstrika mikilvægi skógræktar til að auka vernd fuglalífs og líffræðilegar fjölbreytni.“

Svar: Sjá svar við sambærilegri ábendingu í umsögn Félags skógarbænda á Suðurlandi.

- f. **Bann við stafafuru:** „Þá gera Bændasamtökin athugasemdir við algilt bann við stafafuru og telja ekki rök standa til þess. Bannið byggir á skýrslu um mat á ágengni stafafuru í Steinadal. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ræktun stafafuru skuli einungis stunda þar sem tryggja má að hún dreifist ekki stjórnlaust í nálægum náttúrulegum búsvæðum. Stafafura er ekki ágengasta trjátegundin en samtökin telja rétt að bannið verði endurskoðað með hliðsjón af því hvort réttara sé að beita staðbundnum aðgerðum.“

Svar: Sjá svar við sambærilegri ábendingu í umsögn Lands og skógar, lið 22.k.

- g. **Viðmið í loftslagsmálum:** „Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á loftslagsmál og landnýting í lykilhlutverki sem töl til viðbragða við loftslagsbreytingum. Að mati samtakanna er afar mikilvægt að tryggja að loftslagsstefna skipulagsins byggji á skýrum, gagnsæjum og framkvæmanlegum viðmiðum. Þannig megi best samræma vernd, nýtingu og þróun lands til lengri tíma, og tryggja að loftslagsmarkmið styðji við raunhæfa og sjálfbæra þróun samfélagsins í heild.“

Svar: Ekki er talið unnt að setja fram mælikvarða eða nánari viðmið á þessu stigi en vísað verður í aðgerðaáætlun landsskipulagsstefnu þar sem kemur fram að unnar verði leiðbeiningar um skipulagsgerð sem styður við kolefnishlutleysi. Einnig verður vísað til gæðaviðmiða Lands og skógar þar sem m.a. eru leiðbeiningar um skógrækt m.t.t. loftslagsmála.

19. Steinar Resort ehf

- a. **Málsmeðferð og upplýsingagjöf vegna áforma í landi Skriðu:** Steinar resort ehf. rekja málsmeðferð út frá bókunum sveitarfélagsins, dagsetningum minnisblaða og sínum sjónarmiðum vegna uppbyggingaráforma í landi Skriðu. Fram kemur „að verulegar athugasemdir eru gerðar við verklag sveitarfélagsins við meðferð þess. Málið hefur dregist ítrekað án þess að efnisleg niðurstaða liggi fyrir, þrátt fyrir að framkvæmdaraðili

hafi frá upphafi sýnt samstarfsvilja og brugðist við þeim ábendingum og breytingarkröfum sem sveitarfélagið hefur sett fram.“ Einnig segir: „Þá verður einnig ráðið af framvindu málsins að málsmeðferðin hafi skort nægilegan skýrleika, fyrirsjáanleika og samfellu. Málinu hefur ítrekað verið frestað eða vísað til frekari vinnslu án þess að fyrir liggi með skýrum hætti hvaða skilyrði þurfi að uppfylla svo það geti hlotið efnislega afgreiðslu.“ Ennfremur segir: „Þá verður ekki heldur séð að upplýsingagjöf af hálfu sveitarfélagsins hafi verið fullnægjandi, enda liggur fyrir að ítrekaðar fyrirspurnir framkvæmdaraðila um stöðu málsins báru ekki árangur um tíma og að gögn sem unnin voru á vegum ráðgjafa sveitarfélagsins voru ekki afhent framkvæmdaraðila þegar þau lágu fyrir. Við þessar aðstæður verður að telja að málsmeðferðin hafi valdið framkvæmdaraðila verulegri óvissu og tafið framgang málsins umfram það sem eðlilegt getur talist.“

Svar: Málið var í sér ferli samhliða endurskoðun aðalskipulags og hefur sveitarfélagið talið þurfa frekari gögn áður en ákvörðun er tekin, sbr. fundargerðir umhverfis- og skipulagsnefndar 21.1.2026, 26.11.2025, 4.6.2025, 2.4.2025. Sjá einnig svarið hér að neðan, við liðum 19. b-d.

- b. **Gagnakröfur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi:** „Framkvæmdaraðili kom því á framfæri að beðið yrði með að fara í fullt umhverfismat þar til aðalskipulagsbreytingin væri lengra komin í skipulagsferlinu. Við útfærslu tillögunnar var vísað til þess að ákveðnir þættir kæmu til með að vera nánar útfærðir á deiliskipulagsstigi og að endanlegt umfang yrði útfært nánar á því stigi, í samræmi við niðurstöður umhverfismats og þeirra mótvægisáðgerða sem þar yrði lagt upp með.“ Einnig segir: „Jafnframt hefur ítrekað verið óskað eftir mun ítarlegri upplýsingum en almennt verður talið eðlilegt á aðalskipulagsstigi. Hluti þeirra atriða sem sveitarfélagið hefur kallað eftir er eðli máls samkvæmt háður niðurstöðum umhverfismats, nánari hönnun svæðis og frekari útfærslu mannvirkja á síðari stigum skipulags og leyfisveitinga, einkum við deiliskipulagsgerð.“ Ennfremur segir í umsögninni: „Þá liggur einnig fyrir að framkvæmdaraðili hefur ekki raunhæft svigrúm til að ráðast í kostnaðarsamar og ítarlegar forsendugreiningar, fullt umhverfismat eða nánari útfærslur áður en aðalskipulagsbreyting hefur fengið áframhaldandi farveg innan skipulagsferlisins. Krafa um svo ítarleg gögn á þessu stigi hefur því í reynd orðið til þess að tefja málið umfram það sem eðlilegt getur talist.“
- c. **Skipulagsákvæði í tillögu að nýju aðalskipulagi:** „Þá liggur fyrir að umrædd aðalskipulagsbreyting hefur skarast við vinnu við nýtt aðalskipulag sveitarfélagsins. Við þær aðstæður hefði verið eðlilegt að sveitarfélagið, og eftir atvikum skipulagsráðgjafi þess, ALTA, hefðu á fyrri stigum málsins sett fram með skýrari hætti þær útfærslur á skilmálum sem talið var nauðsynlegt að breytingin tæki mið af með hliðsjón af þeim

áherslum sem unnið er með við gerð nýs aðalskipulags. Slík afstaða og leiðsögn hefði getað stuðlað að markvissari framvindu málsins og dregið úr þeim töfum og óvissu sem einkennt hafa meðferð þess.“

- d. **Óskir framkvæmdaraðila við endanlega afgreiðslu:** „Í ljósi þess að umrædd aðalskipulagsbreyting hefur í reynd skarast við vinnu við nýtt aðalskipulag Hornafjarðar telur framkvæmdaraðili rétt að koma því á framfæri, við auglýsingu nýs aðalskipulags, að æskilegt og málefnalegt sé að svæðið að Skriðu verði skilgreint sem svæði fyrir ferðapjónustu og uppbyggingu í meginatriðum sambærilega þeirri sem lögð hefur verið til í fyrri gögnum málsins. Framkvæmdaraðili leggur því til að í nýju aðalskipulagi verði gert ráð fyrir uppbyggingu hótel- og gististarfsemi ásamt veitinga-, þjónustu- og starfsmannaaðstöðu í landi Skriðu. Heimiluð verði uppbygging hótela, gestahúsa og eftir atvikum annarra þjónustubygginga, með allt að 630 gistiþlásum. Jafnframt verði heimiluð föst búseta í allt að fimm íbúðum innan svæðis. Heildarbyggingarmagn verði allt að 17.500 m² á um 28,8 ha svæði. Að mati framkvæmdaraðila er fyllilega unnt að skilgreina slíkar meginforsendur í aðalskipulagi, enda verði nánari útfærsla einstakra þátta, þar á meðal neysluvatns, fráveitumála, ásýndar svæðis, staðsetningar mannvirkja og frekari skilmála, útfærð á síðari stigum skipulags og leyfisveitinga, þ.e. í deiliskipulagi, umhverfismati framkvæmda, áhrifamati vatnshlota og eftir atvikum við útgáfu framkvæmdaleyfa. Slík framsetning er í samræmi við eðli aðalskipulags sem stefnumarkandi áætlunar, þar sem megináherslur og heimildir eru afmarkaðar, en nánari útfærsla tekin til frekari meðferðar á síðari stigum. Uppbygging og nánari útfærsla kemur til með að taka mið af þeim almennu skilmálum fyrir verslunar- og þjónustusvæði sem settir eru fram í tillögu að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins. Með því að setja svæðið inn í nýtt aðalskipulag með þessum hætti yrði skapaður eðlilegur og fyrirsjáanlegur farvegur fyrir áframhaldandi vinnslu málsins, án þess að gengið sé lengra á þessu stigi en tilefni er til. Jafnframt yrði tryggt að endanleg útfærsla verkefnisins tæki mið af niðurstöðum umhverfismats og annarra sérfræðilegra greininga sem nauðsynlegar kunna að reynast. Framkvæmdaraðili leggur áherslu á að hann er áfram reiðubúinn til að vinna með sveitarfélaginu að frekari mótun verkefnisins, þannig að uppbygging á svæðinu verði í sem bestri sátt við umhverfi, landslag, innviði og samfélag. Sú afstaða hefur legið fyrir frá upphafi málsins og stendur óbreytt, enda er það sameiginlegt hagsmunamál að fyrirhuguð uppbygging verði unnin á ábyrgum og vönduðum grundvelli.“

Svar: Við frágang aðalskipulagstillögu til auglýsingar lagði umhverfis- og skipulagsnefnd til við bæjarstjórn að umfangsmikil verkefni eins og áformuð eru í landi Skriðu og Hoffells, sem höfðu verði í sérferli samhliða endurskoðun heildaraðalskipulags, yrðu áfram í sérferli til að þau fengju þá athygli og umfjöllun sem talin var nauðsynleg, sbr. svör umhverfis- og skipulagsnefndar í minnisblaði sem var

samþykkti á fundi nefndarinnar 1.10.2025 og sem birt var í Skipulagsgátt og á vef sveitarfélagsins í nóvemberbyrjun 2025, sjá einnig afgreiðslu bæjarstjórnar 21.10.2025. Einnig er hér vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar 21.1.2026. Þannig fengju þau þá umfjöllun innan sveitarfélagsins sem nauðsynleg væri m.v. fjölþætt áhrif á umhverfi og samfélag. Þau gögn sem liggja fyrir í landi Skriðu, sbr. tillögu að aðalskipulagsbreytingu dags. 12.5.2025, eru sett fram út frá gildandi aðalskipulagi sem brátt fellur úr gildi. Líkt og kemur fram í framangreindu minnisblaði frá 1.10.2025 þarf tillaga að aðalskipulagsbreytingu að vera sett fram út frá fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu og gátlista umhverfismats í forsendu- og umhverfismatsskýrslu hennar. Á grundvelli matsins verði settar fram tillögur að aðalsskipulagsákvæðum, sem jafnframt eru í samræmi við viðeigandi markmið og almenn skipulagsákvæði í tillögu að nýju aðalskipulagi. Ennfremur, telur nefndin mikilvægt að ákvörðun um matsskyldu, m.v. breytt umfang frá ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 23.1.2025, liggi fyrir áður en breytingatillagan er afgreidd til kynningar. Þessi krafa er gerð vegna þess að um er að ræða umfangsmiklar breytingar í nágrenni stöðuvatnsins Þveit, sbr. einnig umsagnir sem bárust við skipulagslýsingu.

20. Regína Hreinsdóttir

- a. **Framfylgd markmiða:** „Í aðalskipulaginu eru sett fram góð markmið en spurt er hvernig þeim verður fylgt eftir. Hvernig verður t.d. stuðlað að uppbyggingu sjálfbærrar ferðaþjónustu? Hvernig verður kolefnissporið mælt? Hafa verið sett fram einhver viðmið sem hægt er að fara eftir og vísa til í mati? Hvernig og hver á að meta hvort byggingar falli vel að náttúrufari og landslagi og skapi fallett sjónrænt yfirbragð? Í aðalskipulaginu eru gerðar kröfur um að við aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsgerð sé gerð grein fyrir hvernig uppbygging fellur að stefnu aðalskipulagsins. Verður rýnt hvort gögn framkvæmdaraðila eigi við rök að styðjast?“

Svar: Sjá svör við athugasemdum Landverndar í liðum nr. 13. a, b og c og í lið nr. 17. c í svari við umsögn Náttúruverndarstofnunar.

- b. **Þolmörk:** „Það á m.a. að gæta þess að uppbygging atvinnulífs sé í samræmi við þolmörk náttúru, innviða, samfélags og efnahags. Hvernig eru þolmörk þessara þátta metin? Nú er t.d. mikil uppbygging á gistingu fyrirhuguð í sveitarfélaginu og það væri áhugavert að sjá hvort gerðar hafa verið rannsóknir á þolmörkum og samlegðaráhrifum vegna allrar þeirrar viðbótar á ofangreinda þætti.“

Svar: Vísað er í liði 13. a, b og c í svörum við umsögn Landverndar.

- c. **Uppbygging við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs, samlegðaráhrif o.fl.:** „Gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu, bæði vegna gistiþjónustu og íbúðabygðar á tveimur stöðum rétt fyrir utan Skaftafell, sem sagt við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs. (Til viðbótar við þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar á Skaftafelli III.) Þessar framkvæmdir, verði þær að veruleika, munu hafa veruleg áhrif á upplifun gesta sem heimsækja þjóðgarðinn eða eins og segir í töflu um mat á landslagi, jarðmyndunum og fornminjum vegna heimildar á 15 íbúðum austan við Skaftafell (og eiga sannarlega einnig við á svæðinu vestan við Skaftafell):

- Breytir sjónrænum eiginleikum þessa hluta Vatnajökulsþjóðgarðs sem aðdráttarafl og verndargildi þjóðgarðsins byggir m.a. á.
- Breytir upplifun af þessum hluta þjóðgarðs á Heimsminjaskrá breytist.“

„Þegar horft er til þess að hér er um að ræða stórfellda og (nánast samfellda) uppbyggingu rétt við jaðar þjóðgarðs á heimsminjaskrá vakna spurningar um hvort:

- a. tilefni er til að vinna heildstætt mat vegna allrar fyrirhugaðrar uppbyggingar á reitum VP 198 og VP 199 í einu lagi.
- b. hvort þessi áform samræmist skilmálum vegna skráningar Vatnajökulsþjóðgarðs á heimsminjaskrá.
- c. hvort leitað er eftir umsögnum frá UNESCO vegna þessara og annarra framkvæmda svo nærri þjóðgarðsmörkum.“

Svar: Fjallað var um áhrif mögulegrar íbúðaruppbyggingar vestan Öreafa, þ.m.t. í Skaftafelli III og IV, í kafla 9.8 forsendu- og umhverfismatsskýrslu vinnslutillögu. Að öðru leyti er vísað í svör við umsögn Landverndar, einkum liði 13. m og p og svör við umsögn Náttúruverndarstofnunar. Þá hefur Náttúruverndarstofnun ekki bent á að skylt sé að leita umsagnar UNESCO vegna aðalskipulags á jaðri þjóðgarðs á Heimsminjaskrá.

21. Félag skógarbænda á Suðurlandi

- a. **Viðmið - leiðbeinandi, bindandi:** „Félagið telur því mikilvægt að í skipulaginu felist skýrari leiðbeiningar um hvernig viðmið eru lögð til grundvallar, hvenær þau hafa bindandi áhrif og hvenær þau eru leiðbeinandi. Án þess er hætt á að mat verði í framkvæmd háð túlkun frá tilviki til tilviks, sem getur bæði tafið framgang verkefna og aukið kostnað þeirra sem hyggjast ráðast í uppbyggingu.“

Svar: Markmið og leiðir að þeim, sem og gátlisti umhverfismats eru leiðbeinandi viðmið við ákvörðunartöku. Almenn og sértæk skipulagsákvæði eru bindandi. Orðalag skipulagsákvæða gefur til kynna ákveðinn sveigjanleika, þar sem við er talið eiga.

- b. **Stífar kröfur:** „Of almennar eða stífar takmarkanir, svo sem á tegundavali eða framkvæmd, geta leitt til þess að verkefni sem ella væru bæði fjárhagslega og vistfræðilega raunhæf verði ekki framkvæmanleg í reynd.“

Svar: Aðalskipulagstillagan miðar fyrst og fremst að því að öll landnotkun, ræktun og mannvirkjagerð sé vel undirbúin m.t.t. áhrifa á umhverfi, efnahag og samfélag og að allar ákvarðanir þar um séu úthugsaðar og gagnsæjar. Sjá að öðru leyti svör við umsögn Lands og skógar hér aftar.

- c. **Skógrækt - tegundaval, stafafura:** „Á sama tíma vekur sérstaka athygli sú nálgun sem felst í almennum takmörkunum á tegundavali, þar á meðal umræðu um bann við notkun stafafuru. Slík nálgun krefst þess að mjög skýr fagleg rök og traust vísindaleg gögn liggi til grundvallar, enda hefur tegundaval afgerandi áhrif á bæði framkvæmanleika og árangur skógræktar. Fyrir liggur að umræða um stafafuru er ekki einhlít, hvorki í rannsóknum né í reynslu af ræktun hérlandis og erlendis. Þó fram komi sjónarmið um mögulega neikvæða þætti, benda rannsóknir jafnframt til þess að afkoma, vöxtur og aðlögunarhæfni tegundarinnar geti verið mjög breytileg eftir aðstæðum, og að rétt staðarval og meðferð skipti þar sköpum. Það gefur tilefni til að fara varlega í að setja almenn og afdráttarlaus bönn án þess að tekið sé mið af þessum breytileika. Almenn bannákvæði á tilteknum trjátegundum geta haft veruleg áhrif á rekstrarskilyrði skógarbænda, þar sem þau takmarka möguleika til að velja þær tegundir sem best henta staðbundnum aðstæðum hverju sinni. Slíkt getur haft bein áhrif á vöxt, afurðagæði og þar með fjárhagslega afkomu verkefna, auk þess að draga úr sveigjanleika í uppbyggingu skógræktar til lengri tíma. Félagið telur því að nálgast beri takmarkanir á tegundavali með mun markvissari hætti, þar sem byggt er á staðbundnu mati, skýrum faglegum viðmiðum og bestu fáanlegu þekkingu hverju sinni. Í stað almennra banna ætti fremur að leggja áherslu á leiðbeiningar, vöktun og faglega stýringu sem tryggir að tegundaval sé í samræmi við aðstæður og markmið, án þess að draga úr rekstrarlegum möguleikum landeigenda að óþörfu.“

Svar: Sjá svör við umsögn Lands og skógar, einkum lið 22.k.

- d. **Mælikvarðar á kolefnisbindingu:** „Í tillögunni er lögð áhersla á loftslagsmál og kolefnisbúskap, sem félagið styður. Þó er mikilvægt að slík markmið séu útfærð með skýrum hætti þannig að þau valdi ekki óvissu um stöðu einstakra verkefna. Ef viðmið um kolefnisbindingu eða loftslagsáhrif eru sett fram án skýrra mælikvarða getur skapast sú staða að landeigendur þurfi að sýna fram á jákvæð áhrif nýtingar án þess að fyrir liggi samræmd aðferðafræði eða viðmið. Slíkt getur aukið bæði rekstraráhættu og stjórnsýslulegt álag og haft hamlandi áhrif á fjárfestingar.“

Svar: Ekki er talið unnt að setja fram mælikvarða á þessu stigi en í kafla 9.10 um skógræktar- og landgræðslusvæði verður vísað í aðgerðaáætlun landsskipulagsstefnu þar sem kemur fram að unnar verði leiðbeiningar um skipulagsgerð sem styður við kolefnishlutleysi. Einnig verður vísað til í gæðaviðmiða Lands og skógar þar sem m.a. eru leiðbeiningar um skógrækt m.t.t. loftslagsmála. Jafnframt verður vísað í loftslagsvegvisi Bændasamtaka Íslands. Jafnframt verður vísað í þessar heimildir í kafla 4.1 um loftslag og náttúruvæði í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

- e. **Leiðsögn um mat á samræmi við markmið:** „Einnig er ljóst að skipulagstillagan byggir á mörgum samhliða markmiðum sem kunna að togast á í framkvæmd, svo sem vernd vistkerfa, aukinni nýtingu lands, kolefnisbindingu og áframhaldandi landbúnaði. Slík markmið eru eðlileg í heildstæðu skipulagi, en mikilvægt er að skýrt sé hvernig leysa eigi úr árekstrum þegar þeir koma upp. Ef slík leiðsögn vantar getur skapast sú staða að einstök verkefni sitji í óvissu þar sem ólík sjónarmið fá mismunandi vægi eftir aðstæðum.“

Svar: Aðferðafræði umhverfismats, sbr. gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu, er til þess gerð að meta samræmi við hin ólíku markmið og gera grein fyrir hvernig ákvörðun er tekin, þ.m.t. hvað markmið og viðmið vega meira en önnur við tiltekna ákvörðun. Vel rökstudd og gagnsæ ákvarðanatöku er markmiðið.

- f. **Fyrirsjáanleiki og sveigjanleiki í stjórnsýslu:** „Skógrækt er sérstök að því leyti að ákvarðanir sem teknar eru í dag hafa áhrif langt fram í tímann. Óvissa um skilyrði, túlkun viðmiða eða mögulegar breytingar á þeim getur því haft meiri áhrif á þessa grein en margar aðrar. Landeigendur þurfa að geta treyst því að þær forsendur sem byggt er á við upphaf verkefna haldi gildi sínu til lengri tíma, enda eru fjárfestingar oft bundnar í landi og uppbyggingu sem ekki er auðvelt að breyta til skemmri tíma. Með hliðsjón af framangreindu telur Félag skógarbænda á Suðurlandi að tillaga að aðalskipulagi Hornafjarðar feli í sér tækifæri til að styrkja skógrækt og aðra landnýtingu innan sveitarfélagsins, en jafnframt sé nauðsynlegt að skerpa á ákveðnum atriðum til að tryggja að markmiðin verði raunhæf í framkvæmd. Það felur einkum í sér að skýra betur viðmið og beitingu þeirra, tryggja fyrirsjáanleika í stjórnsýslu, viðhalda nauðsynlegum sveigjanleika í nýtingu lands og afmarka betur hvernig loftslagsviðmið hafa áhrif á ákvarðanatöku. Með slíkum úrbótum er unnt að skapa umhverfi þar sem skógrækt getur þróast sem raunhæf og sjálfbær atvinnugrein, sem styður bæði við loftslagsmarkmið og efnahagslega uppbyggingu til lengri tíma.“

Svar: Sjá svör við liðunum hér að ofan og svör við umsögn Lands og skógar.

- g. **Loftslagsvegvisir bænda:** „Loks benda samtökin á að Bændasamtök Íslands vorið 2025 kynntu samtökin Loftslagsvegvisi bænda sem felur í sér skýra stefnu og hagnýtar aðgerðir til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu í landbúnaði. Vegvisirinn er mikilvægt innlegg í þá vinnu sem fram undan er en hann er liður í markvissum aðgerðum bænda til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Er honum ætlað að aðstoða bændur við að innleiða aðgerðir vegna loftslagsbreytinga með það að markmiði að stuðla að sjálfbærni í landbúnaði og bæta umhverfisvernd.“

Svar: Upplýsingum um loftslagsvísinn verður bætt inn í skýringar við markmið LN.1, LN.2 og LN.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

- h. **Lokaorð umsagnar:** „Með vísan til framangreinds leggja samtökin áherslu á að við endanlega afgreiðslu aðalskipulagsins verði gætt að framangreindum áherslum og að hagsmunir landbúnaðarins verði tryggðir. Í sveitarfélögum þar sem landbúnaður er á undanhaldi þarf að bregðast við og stuðla að eflingu hans til framtíðar með fæðuöryggi, sjálfbærni og byggðafestu að leiðarljósi.“

Svar: Tekið er undir þessi markmið og voru þau höfð að leiðarljósi við mótun aðalskipulagstillögunnar.

22. Land og skógur

- a. **Almennt um tillöguna:** „Undirritaður hefur kynnt sér tillöguna. Á flestan hátt virðist vel haldið á málum er snúa að skógrækt, landgræðslu, gróðurvernd og vernd og endurheimt votlendis. Ljóst er að tillaga þessi að endurskoðuðu aðalskipulagi er afar vel unnin og að fagna má mörgu sem þar er að finna og snýr að starfssviði stofnunarinnar. Ekki verður farið nánar út í þá sálma hér í umsögninni, enda yrði það of langt mál eins og gefur að skilja.“

Svar: Þakkað er fyrir umsögnina.

- b. **Land og líf:** „Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu er á nokkrum stöðum (í kafla 2.3 bls. 8; í töflu í kafla 3.3. bls. 11-16) minnst á stefnu og framtíðarsýn í landgræðslu og skógrækt til ársins 2031 og aðgerðaáætlun 2022-2026. - Stefnan gengur undir nafninu Land og líf, og gott væri að auðkenna hana þannig í textanum. Sama ábending á við um þar sem stefnan er nefnd í skipulagsgreinargerð.“

Svar: Textinn verður lagfærður í samræmi við ábendinguna.

- c. **Binding og geymd kolefnis:** „Í umfjöllun um markmið og leiðir LN.1 og LN.2 í kafla 4 (bls. 33) örlar á því að hugtakið binding kolefnis sé skilið tvennskönar skilningi og e.t.v. slegið saman í umfjöllun. Í fyrsta lagi snýr kolefnisbinding að geymd kolefnisins - því

hversu mikið kolefni getur geymt í vistkerfi og hversu lengi það varðveitist þar. Votlendi getur geymt feykimikið kolefni, en kolefni geymist einnig í jarðvegi og langlífum gróðri, s.s. trjám. Votlendi sem er framræst losar í fyllingu tímans mikið af því kolefni sem í því er bundið. Í öðru lagi snýr kolefnisbinding að bindingarhraða, og þar skiptir vaxtarhraði plantna mestu, og einnig það að þær sölni ekki í heild sinni að loknu sumri.

Bindingarhraði skóga fer eftir vaxtarhraða þeirra, en sé vöxturinn sæmilegur er kolefnisbindingarhraði þeirra miklu meiri en votlendis. Til þess að ná kolefnishlutleysi er því mikilvirkast að minnka losun frá framræstu votlendi með því að endurheimta það, vernda gróðurlendi og jarðveg, og auka bindingu með því að hlúa að skógum og rækta nýja þar sem þeir vaxa hratt. Undirritaður telur því að setningin „Leitast við að endurheimta votlendi og önnur vistkerfi sem binda kolefni og forðast að skerða þau.“ eigi betur heima í lið LN.1. Þó má til þess líta að allt ber þetta (losun, bindingarhraði og varðveisla kolefnis) vissulega að sama brunni, og telur undirritaður þetta ekki tilefni til stórvægilegra athugasemda.“

Svar: Framangreind leið að markmiði LN.2 verður færð undir LN.1 og verður orðuð þannig: „Minnka losun frá framræstu votlendi með því að endurheimta það og vernda gróðurlendi og jarðveg.“

- d. **Skilgreining á hugtakinu skógrækt:** „kafla 9.6. Frístundabyggð (F), bls. 196, er að finna eftirfarandi almennt ákvæði: „Trjárækt í smáum stíl telst eðlilegur hluti frístundabyggðar enda þjóni hún fyrst og fremst byggðinni til fegrunar, skjólmyndunar og landmótunar. Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og er öll skógrækt innan hans óheimil.“ Hér má benda á að hugtakið skógrækt er skv. núgildandi skógræktarlögum (nr. 33/2019) skilið mjög vítt, þ.m.t. sem vernd, endurheimt, umhirða, nýting og endurnýjun skóga. Það er því afar óheppilegt að banna skógrækt í skógum, eins og kveðið er á um í ákvæðinu. Væntanlega er þar átt við að innan náttúruskóga megi ekki rækta upp ræktaða skóga af öðrum tegundum, og verður þá að orða ákvæðið öðruvísi. Það er tillaga undirritaðs að síðasta setningin verði orðuð: „Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og ekki má rækta þar upp aðrar trjategundir en innlendar.“

Svar: Orðalaginu verður breytt í samræmi við ábendinguna.

- e. **Votlendi - vernd og endurheimt:** „Í kafla 9.9. Landbúnaðarland (L), bls. 211, er að finna almenn ákvæði um framræsingu og endurheimt votlendis. Undirritaður telur ákvæðin vel útfærð, og að með þeim sé tekið tillit til þeirrar miklu þýðingar sem framræst votlendi hefur fyrir ræktun og búskap víða, en að um leið sé leitast við að stuðla að vernd og endurheimt votlendis.“

Svar: Ábendingin er kallar ekki á svör.

- f. **Mörk sem kalla á afmörkun SL-reits:** „Í kafla 9.9. Landbúnaðarland (L), bls. 212 er að finna ákvæði um nýræktun skóga: „Ef nýskógræktarreitur liggur að öðrum reit, sem áður hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir, skal telja stærð reitanna saman og sé samanlögð stærð 25 ha eða meira skal afmarka SL-reit með aðalskipulagsbreytingu og tilheyrandi málsmeðferð. Viðmiðið er óháð jarðamörkum og innan hvernar jarðar kunna að vera fleiri en einn aðskilinn skógræktarreitur innan við 25 ha að stærð. Reitir teljast aðskildir ef verulegur aðskilnaður er á milli þeirra og ekki er hægt að segja að um sama reit sé að ræða.“ Undirritaður fagnar því vissulega að málin séu gerð svo skýr, en bendir á að ávallt verður þó matsatriði hvað felst í „verulegum aðskilnaði“. Hinsvegar er það e.t.v. ósanngjarn að skógræktandi sem hyggst rækta skóg á reit sem næst skógræktarreit á annarri jörð þurfi að gangast undir aðalskipulagsbreytingu, án þess að hinn aðilinn hafi þurft þess – þegar mörkin eru ekki hærri en 25 ha. Almennt er mælt með því að skógræktarsvæði séu frekar samfelldari en uppbrotin og dreifð, og ákvæði þetta vinnur á vissan hátt gegn því. Undirritaður hvetur sveitarfélagið til þess að huga að þessu.“

Svar: Ákvæðið bíður upp á sveigjanleika í túlkun eftir aðstæðum og verður óbreytt, en til greina kemur að endurskoða það ef tilfelli verði mörg og erfið.

- g. **Nýskógrækt í náttúrulegum skógi:** „kafla 9.10 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL), bls. 217, er að finna almennt ákvæði: „Náttúrulegur skógur er ekki afmarkaður sérstaklega, enda ekki gert ráð fyrir skógrækt innan hans.“ Hér verður að benda á sama orðskilning og í lið 3 hér að ofan – það er ótækt að banna skógrækt í skógum. Væntanlega er hér, eins og í kafla 9.6, átt við að ekki skuli rækta upp skóg af annarskonar tegundum (t.d. erlendum) í náttúruskógum. Það er tillaga undirritaðs að ákvæðið verði orðað t.d. þannig: „Náttúrulegur skógur er ekki afmarkaður sérstaklega, enda ekki gert ráð fyrir nýrækt skóga eða verulegum skógræktarframkvæmdum innan hans.“

Svar: Textanum verður breytt í samræmi við ábendinguna.

- h. **Skógrækt á verndarsvæðum:** „Af umfjöllun og almennum ákvæðum í kafla 9.10 (SL), bls. 216-219, má ráða, að skógrækt á verndarsvæðum sé óheimil skv. aðalskipulagstillögunni. Það er hvergi orðað beinlínis, en hinsvegar kemur fram í textanum t.d. „Skógrækt sem er innan við 25 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum, utan verndarsvæða [...]“, „Nýræktun skóga á ≥ 200 ha svæði og uppgræðslu á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar [...]“ og „Náttúruverndarstofnun, þar sem skógræktarsvæði liggur að verndarsvæði [...]“. Tekið er sérstaklega fram að verndarsvæði séu skilin sbr. skilgreiningu verndarsvæða í lið 2.iii í 2. viðauka laga nr.

111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Undirritaður bendir á að hugtakið verndarsvæði í skilningi laga nr. 111/2021 nær yfir margvísleg svæði, bæði þau svæði þar sem óheimilt er skv. lögum eða reglugerðum að rækta erlendar tegundir (s.s. fólkvangar) og eins svæði þar sem skógrækt er eðlileg og hefur verið stunduð hérlandis án vandkvæða (s.s. vatnsverndarsvæði og svæði á B-hluta náttúruminjasrár). Nú er undirrituðum ekki kunnugt um það hvernig dreifingu mismunandi verndarsvæða í Austur-Skaftafellssýslu er háttað, en það er engu að síður óeðlilegt að svo ómálefnalegar og gjörtækar hömlur séu settar á alla nýrækt skóga (vel að merkja einnig skógrækt með innlendum tegundum) á öllum verndarsvæðum í sveitarfélaginu. Það er einnig afar óheppilegt að þessi mikla stefnubreyting sé ekki orðuð beinlínis í kaflanum, og umfjöllun um þetta er ekki heldur að finna í köflum 9.19, 9.22 eða 9.23. Stofnunin telur afar mikilvægt að ekki séu settar algerar og ómálefnalegar hömlur á skógrækt á verndarsvæðum. Skógrækt verður að skoða á hverjum stað, enda skulu skv. lögum 111/2021 öll skógræktaráform á verndarsvæðum tilkynnt HMS sem tekur ákvörðun um matsskyldu. Hér eru tillögur stofnunarinnar að textabreytingum í kafla 9.10:

- Bls. 216: „Skógrækt sem er innan við 25 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum, utan verndarsvæða án þess að reitir fyrir hana séu afmarkaðir á aðalskipulagsuppdætti.“ verði „Skógrækt sem er innan við 25 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum, án þess að reitir fyrir hana séu afmarkaðir á aðalskipulagsuppdætti.“

Svar: Fallist er á þessa tillögu.

- Bls. 216: „Nýræktun skóga á ≥ 25 ha svæði og hún er jafnframt framkvæmdaleyfisskyld. Sveitarstjórn getur bundið leyfi skilyrðum, s.s. hvað varðar tillit til náttúrufars, landslags og minja, sem og áhrifa á aðliggjandi svæði. Nýræktun skóga á ≥ 200 ha svæði og uppgræðslu á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.“ verði „Nýræktun skóga á ≥ 25 ha svæði og hún er jafnframt framkvæmdaleyfisskyld. Sveitarstjórn getur bundið leyfi skilyrðum, s.s. hvað varðar tillit til náttúrufars, landslags og minja, sem og áhrifa á aðliggjandi svæði. Nýræktun skóga á ≥ 100 ha svæði, nýræktun skóga og uppgræðslu á verndarsvæðum er skylt að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.“

Svar: 200 ha breytast í 100 ha í samræmi við breytingu sem orðið hefur á lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

- Bls. 219: „Náttúruverndarstofnun, þar sem skógræktarsvæði liggur að verndarsvæði, eru sýnileg frá því eða eru hluti af landslags- eða vistheild þess.“ verði „Náttúruverndarstofnun, þar sem fyrirhugað skógræktarsvæði er innan

verndarsvæðis, liggur að því, er sýnilegt frá því eða eru hluti af landslags- eða vistheild þess.“

Svar: Ákvæðið verður svona: „Náttúruverndarstofnun, þar sem fyrirhugað skógræktarsvæði er innan verndarsvæðis, liggur að því eða eru hluti af landslags- eða vistheild þess.“

- i. **Umfang tilkynningarskyld skógrækt - umfang:** „Í kafla 9.10 (SL) bls. 216 er minnst á tilkynningaskyldu til Skipulagsstofnunar. - Undirritaður vekur athygli á því að þetta viðmið hefur nýlega verið lækkað úr 200 í 100 ha, skv. a-lið 32. gr. laga nr. 30/2026. Hafa lögin þegar tekið gildi. Einnig hefur nú HMS tekið við þessum skyldum Skipulagsstofnunar, eftir sameiningu.“

Svar: Textinn verður uppfærður í samræmi við ábendinguna.

- j. **Stærðarmörk sem kalla á afmörkun SL-reits:** „Í köflum 9.9 (L) og 9.10 (SL) kemur fram að nýskógrækt umfram 25 ha kalli á breytingu á aðalskipulagi, þar sem fyrirhuguðu skógræktarsvæði er breytt í skógræktar- og landgræðslusvæði (SL). - Undirritaður bendir á að 25 ha eru til þess að gera lág mörk: lágmarksstærð samningssvæða í bændaskógrækt á lögbýlum hefur lengi verið 10 ha, og öll þau skógræktarsvæði sem er að finna upplistuð í kafla 9.10 eru stærri en 25 ha. Undirritaður vill bæta því við, að stofnunin hefur í umsögnum sínum bent sveitarfélögum á að ekki felist endilega nein trygging fyrir góðum vinnubrögðum við skógrækt í því að krefjast aðalskipulagsbreytingar fyrir skógrækt, og ekki fæst heldur endilega meiri yfirsýn sveitarfélags yfir skógræktaráform með þessu móti, umfram einfaldlega að viðhafa skýr og góð vinnubrögð við framkvæmdaleyfisumsóknir. Við afgreiðslu framkvæmdaleyfisumsókna er enda hægt að óska athugasemda ýmissa aðila og auk þess viðhafa grenndarkynningu, svo sem er og um aðalskipulagsbreytingu. Aðalskipulagsbreyting ein og sér getur kostað töluvert fé, sé hver og ein aðalskipulagsbreyting látin fara í gegnum sjálfstætt ferli. Kostnaður við framkvæmdaleyfisumsóknir er hinsvegar væntanlega nær eðlilegum raunkostnaði fyrir slíkar leyfisveitingar. Það væri þess vegna ekki óráðlegt að hafa mörkin hærri en 25 ha, en um leið að hafa uppi skýrar kröfur um gögn með framkvæmdaleyfisumsókn til skógræktar. Rétt er að benda á ný gæðaviðmið um val á landi til skógræktar, sem nú hafa verið gefin út í 2. útgáfu. Í gæðaviðmiðunum er á aðgengilegan hátt settur fram matslisti sem styðjast má við þegar fjallað er um nýskógrækt á hverjum stað, t.d. við afgreiðslu framkvæmdaleyfis. “

Svar: Tekið er undir það sjónarmið að aðalskipulagsbreyting sem slík skili ekki endilega betri útkomu eða yfirsýn yfir skógrækt í sveitarfélaginu og að framkvæmdaleyfisferli með grenndarkynningu geti stuðlað að góðum undirbúningi og skógrækt sem er í samræmi

við markmið og ákvæði aðalskipulags. Engu að síður gefur málsmeðferð aðalskipulagsbreytingar almenningi kost á að kynna sér skógræktaráform og skila inn sínum ábendingum og athugasemdum. Í því ferli geta komið fram viðbótarupplýsingar og sjónarmið sem þá hægt er að taka til skoðunar áður en leyfi er veitt.

- k. **Tegundaval:** „Í kafla 9.10 (SL), bls. 217 er að finna almenn ákvæði um svæðin. Þar er ákvæði: „Skógrækt og uppgræðsla lands falli sem best að heildarsvipmóti lands, bæði m.t.t. staðsetningar og tegunda. Leitast skal við að nota innlendar trjátegundir og almennt skulu framandi eða ágengar tegundir ekki notaðar. Ekki er heimilt að nota stafafuru til skógræktar vegna neikvæðra áhrifa hennar á fjölbreytni lífríkis og landslagssérkenni. [...]“ Undirritaður telur það gott og gilt að hvatt sé til notkunar innlendra trjátegunda í skógrækt, enda er það í samræmi við stefnu hins opinbera. Hinsvegar er skógrækt sem búgrein, atvinnustarfsemi og til kolefnisbindingar sniðinn of þröngur stakkur ef það á „almennt ekki að nota framandi eða ágengar tegundir“. Hér er óljóst hvað felst í hugtökunum framandi eða ágengum tegundum, en af textanum má ráða að átt sé við erlendar tegundir. Þar með eru undir allar þær tegundir sem verulegar nýttjar eru af í skógrækt hér á landi. Einnig mætti skýra betur hvað felst í því að þær tegundir „skuli almennt ekki notaðar.“ Hvað varðar stafafuru, þá telur undirritaður neikvæð áhrif tegundarinnar ekki svo mikil. Hins vegar er það sjálfsagt og eðlilegt að haga skógrækt þannig að tegundir dreifist ekki út fyrir skógræktarsvæði sé þess ekki æskt. Það er þannig tillaga undirritaðs að þessum setningum verði breytt: „Skógrækt og uppgræðsla lands falli sem best að heildarsvipmóti lands, bæði m.t.t. staðsetningar og tegunda. Leitast skal við að nota innlendar trjátegundir og markmið með notkun erlendra tegunda ættu að liggja fyrir og vera skýr. Sé í skógrækt ræktuð stafafura ætti að haga skógræktinni þannig að tegundin dreifi sér ekki út fyrir skógræktarsvæðið.“

Svar: *Ákvæðið verður svona: „Skógrækt og uppgræðsla lands falli sem best að heildarsvipmóti lands, bæði m.t.t. staðsetningar og tegunda. Leitast skal við að nota innlendar trjátegundir og markmið með notkun erlendra tegunda ættu að liggja fyrir og vera skýr. Sé í skógrækt ræktuð stafafura ætti að haga skógræktinni þannig að tegundin dreifi sér ekki út fyrir skógræktarsvæðið. Ekki skal nota tegundir sem hafa verið skilgreindar sem framandi og ágengar af ríkisvaldinu (í lögum, reglugerð eða stefnu).“ Í neðanmálgrein verður vísað í eftirfarandi heimildir þar sem fjallað er um framandi ágengar tegundir: Land og líf, landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031, Náttúrufræðistofnun: Ágengar plöntur. Fjórdða samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar: Kafli 4. Lífríki lands og landnýting.*

- l. **Gæðaviðmið Lands og skógar:** „Í kafla 9.10 (SL) er á bls. 218-219 að finna ákvæði um framkvæmdaleyfi. Þar er ákvæði: „Hvort og hvernig val á landi samræmist

gæðaviðmiðum Lands og skógar þegar þau liggja fyrir [...].“ - Það er ánægjulegt að geta skrifað það hér að gæðaviðmið þessi eru nú þegar til, og nýverið var 2. útgáfa þeirra birt á heimasíðu stofnunarinnar (landogskogur.is). Benda má á að veflest þau atriði sem nefnd eru í þessum undirkafla (ákvæði um framkvæmdaleyfi) eru undir í umfjöllun um skógræktaráform í gæðaviðmiðunum. Stofnunin hvetur sveitarfélagið til þess að styðjast við gæðaviðmiðin við meðferð umsókna um framkvæmdaleyfi til skógræktar. Það er jafnframt tillaga stofnunarinnar að því verði bætt við ákvæðin í kafla 9.10.“

Svar: Vísad verður í gæðaviðmiðin í kaflanum.

- m. **SL-reitir:** „Í kafla 9.10 (SL) má á bls. 220-221 finna töflu um sértæk skipulagsákvæði fyrir skógrækt og landgræðslu. Undirrituðum er ekki fullkunnugt um öll þau skógræktarsvæði sem er að finna í Austur-Skaftafellssýslu. Það er og rétt að benda á, að til eru skógræktarsvæði sem eru ekki með samning við Land og skóg, t.d. í eigu og umsjá skógræktarfélaga eða annarra aðila. Eins geta skógræktarsamningar fallið úr gildi, þó að skógurinn standi óhreyfður eftir. Það vekur athygli að á vefsjá stofnunarinnar yfir ræktaða skóga er að finna fleiri skógarreiti en taldir eru upp í töflunni á bls. 220-221. Stofnunin hvetur sveitarfélagið til að athuga þessi skógræktarsvæði nánar og færa inn á aðalskipulagsuppdrátt eins og önnur skógræktarsvæði, ef tilefni er til.“

Svar: Þeir SL-reitir sem eru í aðalskipulagstillögunni eru skógræktarsvæði sem eru 25 ha eða stærri og eru með samning við Land og skóg skv. upplýsingum frá stofnuninni. Í kortasjá Lands og skóga er að finna „ræktað skóglendi“. Ef þar er að finna svæði sem eru 25 ha eða stærri og ekki eru í aðalskipulagstillögunni, þá verður þeim bætt inn í hana.

- n. **Skógrækt á svæðum í landnotkunarflokknum óbyggð svæði:** „Í kafla 9.11 Óbyggð svæði (ÓB) bls. 222-223 er að finna eftirfarandi ákvæði: „Skógrækt er ekki heimil.“ „Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og er öll skógrækt innan hans óheimil.“ „Öll gróðursetning erlendra tegunda er óheimil.“ - Undirrituðum eru ljós markmið þessara ákvæða og telur þau eðlileg. Hinsvegar mætti laga orðanotkun (sbr. ábendingu í lið 3 hér að ofan), enda fellur m.a. vernd, endurheimt og umhirða birkiskóga undir hugtakið skógrækt. Það er tillaga undirritaðs að ofantöldum ákvæðum verði slegið saman í eitt ákvæði: „Nýskógrækt með erlendum tegundum er óheimil á óbyggðum svæðum. Náttúruskógar njóta verndar og stuðlað skal að endurheimt og útbreiðslu náttúruskóga. Rækta má upp innlendar trjátegundir.“

Svar: Ákvæðinu verður breytt þannig: „Nýskógrækt með erlendum tegundum er óheimil á óbyggðum svæðum. Náttúruskógar njóta verndar og stuðlað skal að endurheimt og útbreiðslu þeirra.“

23. Minjastofnun Íslands

- a. **Umfjöllun um friðaðar og friðlýstar minjar:** „Þær góðu upplýsingar sem koma fram í kafla 9.24 (um minjavernd innan dreifbýlis) sem fjalla um hvað telst til menningarminja og hvað skuli hafa í huga varðandi þær hefðu betur átt heima frammar í greinargerðinni en ekki undir skilgreiningu landnotkunarreitsins enda eiga þessar leiðbeiningar almennt við um menningarminjar, óháð landnotkun. Í aðalskipulagi er ekki gerð grein fyrir friðuðum fornleifum eða friðuðum húsum og mannvirkjum heldur aðeins friðlýstum og ná því landnotkunarmerkingarnar í þessum kafla aðeins til þeirra og er þessi umfjöllun á þessum stað því villandi og eigi því aðeins um þessa merktu reiti.“

Svar: Undir almennum ákvæðum í öllum landnotkunarflokkum er vísað í kafla 9.24 til að minna á að ávallt þarf að skoða upplýsingar um minjar. Ekki er því talið að umfjöllunin sé staðsett á villandi hátt og hún er auk þess í samræmi við uppbyggingu annarra kafla greinargerðarinnar. Í 9.24 er útskýrt af hverju einungis eru tilgreindar friðlýstar minjar í skipulagsgreinargerð og á skipulagsupphráttum. Vísað er í Minjavefsjá og fornleifaskráningarskýrslur.

- b. **Lagfæringar á texta:** „Eftirfarandi upplýsingar þyrfti einnig að uppfæra:
- Breyta þyrfti skáletraða textanum sem skilgreinir landnotkunarreitinn en í núverandi texta innan bæði 8.17 og 9.24 stendur: „Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar; hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.“ Þar sem aðeins er fjallað um friðlýstar fornleifar og hús og mannvirki á listanum og undir þessari landnotkun færi betur á að leiðrétta hann t.d. á eftirfarandi hátt: „Svæði þar sem friðlýstar fornleifar, hús og mannvirki eru sem njóta sérstakrar verndar umfram aldursfriðun.“

Svar: Textinn fremst í kafla 8.17 og 9.24, sem og fremst í öðrum landnotkunarköflum, er bein tilvitnun í skipulagsreglugerð. Þó svo friðlýstar minjar séu einungis sýndar á skipulagsupphráttum og taldar upp í landnotkunartöflu þá gildir minjavernd um allar minjar sem falla undir þessa skilgreiningu skipulagsreglugerðar. Ekki á því við að breyta tilvitnuninni.

- Í kafla 8.17 er aðeins fjallað um aldursfriðuð hús innan þéttbýlisins sem þarf að huga að en rétt er að benda á að innan Hafnar eru einnig hús sem falla undir svokallaða álitsskyldu (hús reist 1940 og fyrr) og þarf einnig að huga að.

Svar: Texta um álitsskyldu verður bætt inn í kafla 8.17.

- Í kafla 9.24 er umfjöllunin um menningarminjar góð en þar mætti skerpa á mikilvægi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja enda er óheimilt að ganga frá deiliskipulagi eða veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi skráningar sem þarf í kjölfarið að vera staðfest af Minjastofnun Íslands.“

Svar: Í almennum ákvæðum kaflans er minnt á lagaákvæði um skráningu fornleifa og annara minja. Þar segir: „Að öðru leyti gilda ákvæði laga um menningarminjar, sjá einkum IV. kafla laganna um skráningu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja, VI. kafla um um verndun og varðveislu fornminja og VII. kafla um verndun og varðveisla húsa og mannvirkja.“

- c. **Fornleifar á bæjartorfum:** „Viðá í greinargerð og forsendu- og umhverfismatsskýrslu kemur fram að staðsetja eigi nýja byggð í dreifbýli á bæjartorfum. Eru sett ákvæði um að mannvirkjagerð taki mið af sögulegu samhengi byggingarhefðum, landslagi og staðhættum. Minjastofnun Íslands bendir á að margar af þeim bæjartorfum sem fyrir eru innan Hornafjarðar eru gamlar og eru líkur á fornleifum töluverðar, líka undir sverði þó engin ummerki sjáist um þær á yfirborði. Það er mikilvægt að mannvirkjagerð taki mið af umhverfinu en einnig er mikilvægt að vinna að uppbyggingu innan slíkra svæða í samráði við stofnunina vegna menningarminja.“

Svar: Vísun í kafla 9.24 í öllum landnotkunarköflum er ætlað að minna á þetta en minnt verður á minjar á bæjartorfum í kafla 9.2 um íbúðarbyggð og 9.3 um verslun og þjónustu, sem og í kafla 9.24.

- d. **Skógrækt - framkvæmdaleyfissskylda og fornleifaskráning:** „Skv. aðalskipulaginu er skógrækt undir 10 ha heimil án framkvæmdaleyfis. Skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi telst nýrækt skóga framkvæmdaleyfissskyld framkvæmd. Í greinargerðinni kemur fram að almenn ákvæði um landbúnaðarsvæði og SL svæði gildi um alla skógrækt, óháð framkvæmdaleyfissskyldu en meðal þeirra er ákvæði um takmarkanir vegna minjaverndar. Til að hægt sé að fylgja því eftir að tillit sé tekið til menningarminja vegna skógræktar verður að liggja fyrir staðfest skráning þeirra. Án hennar er ekki hægt að leggja mat á áhrif skógræktarinnar á menningarminjar.“

Svar: Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi fellur „nýræktun skóga“ undir framkvæmdir „sem geta verið háðar framkvæmdaleyfi“. Til þess að nýræktun skóga geti talist framkvæmdaleyfissskyld þarf hún að uppfylla ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar sem segir í 1. mgr.: „Allar framkvæmdir sem teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásynð þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að hefja slíkar

framkvæmdir nema fyrir liggi samþykki leyfisveitanda um útgáfu framkvæmdaleyfis og að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út.“ Í 3. mgr. 4. gr. segir: „Við mat á því hvort framkvæmd telst meiriháttar ... skal hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmdar, varanleika og áhrif á landslag og ásýnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif. Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.“ Það er því lagt í hendur á sveitarfélagsins að ákveða hvenær nýræktun skóga telst framkvæmdaleyfisskyld, að því undanskyldu að ef hún er tilkynningarskyld eða matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þá er hún alltaf framkvæmdaleyfisskyld.

Í stað þess að gera ráð fyrir því að metið sé í hverju tilviki hvenær skógrækt er framkvæmdaleyfisskyld er í aðalskipulagstillögunni lagt til að miða við að nýskógrækt á 10 ha eða meira sé ávallt framkvæmdaleyfisskyld, en við þau mörk miðar þátttaka í skógrækt með opinberum stuðningi, eins og kemur fram á bls. 212 í kafla 9.9 í skipulagsgreinargerð.

- e. **Friðhelgunarsvæði og tillit til fornleifa:** „Í greinargerðinni er fjallað um í kafla 5.2 m.a. að umgangast fornleifar með virðingu. Þar mætti koma skýrar fram að taka þarf fullt tillit til þeirra við hinar ýmsu framkvæmdir. Rétt er að vekja athygli á því að fornleifar njóta friðunar og 15m friðhelgunarsvæðis samkvæmt lögum og friðlýstar fornleifar njóta 100 m friðhelgunarsvæðis.“

Svar: Í almennum ákvæðum um minjavernd í kafla 9.24 er m.a. vísað í VI. kafla laga um menningarminjar og er það talið nægja. Það er einnig í samræmi við að ákvæði tiltekinna laga sem við geta átt við framfylgd aðalskipulags eru ekki rituð inn í aðalskipulagið.

- f. **Samræmi inngangstexta skipulagsákvæða:** „Þegar kemur að landnotkunarflokkum fyrir þéttbýlið er í flestum þeirra lýsing undir Almenn skipulagsákvæði þar sem fram kemur að fylgja skuli almennum skipulagsákvæðum við aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulag, deiliskipulagsbreytingar, bæjarhönnun, landslagsmótun og veitingar byggingar- og framkvæmdarleyfa, en ekki í þeim öllum. Minjastofnun Íslands vekur athygli á því að framkvæmdir innan þéttbýlis geta haft áhrif á menningarminjar og þarf því að huga að þeim við allar framkvæmdir og vinna að slíkum í samráði við stofnunina.“

Svar: Textinn í inngangi almennra ákvæða í 8. og 9. kafla verður felldur út þar sem hann þykir óþarfur.

- g. **Skráning og samráð við Minjastofnun:** „Til að hægt sé að taka tillit til menningarminja þarf skráning þeirra að liggja fyrir og er því mikilvægt að unnið sé í samráði við

stofnunina að öllum framkvæmdum til að tryggt sé að skráning liggi fyrir og þar með sé hægt að meta áhrif framkvæmda á menningarminjar.“

Svar: Talið er að umfjöllun og vísun í lagaákvæði í kafla 9.24 í skipulagsgreinargerð nægi til að minna á þetta.

- h. **Friðlýstar fornleifar:** „Í auðkennisreitunum þar sem friðlýst hús og mannvirki sem og fornleifar fá sér landnotkunarnúmer vantar inn þrjár friðlýstar fornleifar; í landi Bæjar, Stafafells og svo í landi Hofs.“

Svar: Friðlýstu fornleifarnar verða færðar inn í töflu og á skipulagsuppdraetti.

- i. **Selið - friðlýst hús:** „Selið í Skaftafelli er talið til friðlýstra fornleifa samkvæmt greinargerðinni en rétt er að um er að ræða friðlýst hús en það er einnig í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands líkt og Hofskirkja í Örfum.“

Svar: Þetta verður lagfært.

- j. **Merkingar á uppdraetti:** „Viðeigandi merkingu (R) vantar inn á uppdraetti fyrir friðlýstar fornleifar og friðlýst hús sem notað er um slíka staði. Hægt er að nálgast það hjá stofnuninni. Inn á skipulagsuppdrautt vantar staðsetningu á friðlýstum fornleifum í Stafafelli, í landi Bæjar, í landi Hofs og í landi Skaftafells. Hægt er að nálgast þau hjá stofnuninni.“

Svar: Ekki er skylt að nota táknið R sbr. skipulagsreglugerð. Uppdrættir verða lagfærðir í samræmi við ábendinguna.

- k. **Lega þjóðveg:** „Í umfjöllun um valkosti um legu þjóðvegur í þéttbýli er ekki lagt mat á áhrif valkosta á menningarminjar en einhverjir þeirra myndu hafa áhrif á þær. Vinna þarf í samráði við MÍ að framkvæmdum þegar að þeim kemur og það sama á við um breytingar á þjóðvegi í Örfum og í Lóni.“

Svar: Í skipulagsgreinargerð kemur fram að lega veganna er sýnd í aðalskipulaginu með fyrirvara um umhverfismat á aðalskipulagsstigi með viðeigandi greiningu og málsmeðferð.

- l. **Samráð við Minjastofnun:** „Stofnunin vekur athygli á því að vinna þarf að framkvæmdum við íbúðarhúsnæði við afleggjara að þjónustumiðstöð í Skaftafelli og á Freysmörk í samráði við stofnunina en skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að liggja fyrir vegna þessara framkvæmda til að hægt sé að leggja mat á áhrif þeirra á menningarminjar.“

Svar: Umfjöllun í kafla 9.24 er talin nægja að þessu leyti og á hún á við alla landnotkunarreiti.

- m. **Vefsjár ekki tæmandi:** „Í greinargerðinni er vísað til þess að hin ýmsu gögn m.a. um minjar séu aðgengileg á aðalskipulagsvefsjá auk þess sem vísað er til Minjavefsjár stofnunarinnar. Minjastofnun Íslands vekur athygli á því að ekki liggur fyrir heildarskráning fornleifa fyrir allt sveitarfélagið og liggja því ekki fyrir upplýsingar um allar menningarminjar innan sveitarfélagsins og eru því upplýsingar innan ofangreindra vefsjáa ekki tæmandi yfirlit.“

Svar: Texti í skýringahluta kafla 9.24 verður uppfærður m.t.t. þessarar ábendingar.

- n. **Samráð við Minjastofnun á deiliskipulags- og framkvæmdastigi:** „Stofnunin minnir á mikilvægi þess að byggingarleyfi, deiliskipulagstillögur og leyfi til framkvæmda í sveitarfélaginu berist Minjastofnun til umsagnar svo hægt sé að meta hvort fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á fornleifar, húsa eða mannvirki sem falla undir ákvæði laga um menningarminjar. Á þetta við bæði um innan þéttbýlis sem og í dreifbýli. Stofnunin minnir á lög um menningarminjar nr. 80/2012 og reglur um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019, sem og mikilvægis þess að skrá menningarminjar.“

Svar: Ábendingin kallar ekki á svör.

24. Lagastoð f.h. Hlíðartúns 41, Höfn

- a. **Heimagisting í Hlíðartúni:** Send er inn að nýju greinargerð dagsett 28.8.2025 fyrir hönd íbúa og eigenda Hlíðartúns 41 sem rekið hafa heimagistingu í fasteigninni. Gerð er krafa um að lóðin verði á VP-reit í stað ÍB-reits, sbr. rökstuðning í framlagðri greinargerð.

Svar: Ítrekað er fyrra svar um að ekki er fallist á óskina þar sem aðkoma að húsinu er í gegnum íbúðargötu sem auk þess er botnlangi og þar sem samþykkt óskarinnar yrði fordæmisgefandi fyrir aðrar í íbúðargötu. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir áfram gildi aðalskipulagsákvæði um að starfsleyfis skyld gistipjónusta sé ekki heimil í íbúðarhverfum. Sveitarfélagið hefur hafnað sambærilegum málum vegna legu í botni botnlanga.

25. Íbúaráð Suðursveitar og Mýra

- a. **Áhrif hótelluppbyggingar á Byrgi:** „Íbúaráð dregur í efa að uppbygging á Birgi efli ferðapjónustu og atvinnulíf í Suðursveit þar sem framboð gistirýma sé þegar mikið. Óskað er rökstuðnings fyrir þörf á viðbótargistirýmum og upplýsinga um hvaða þjónustu


eigi að bæta. Ráðið hefur áhyggjur af samkeppnisstöðu fjölskyldufyrirtækja og hvort ný störf á hóteli muni fremur nýtast aðfluttu vinnuafli en heimamönnum. Íbúaráð telur framkvæmdina ekki í samræmi við sjónarmið íbúa og óskar eftir frekari greiningum á þörf og áhrifum áður en skipulagi er breytt.“

Svar: Vísað er til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar 20. ágúst og afgreiðslu bæjarráðs frá 25. ágúst 2026 á máli 202602002 Deiliskipulag - Jörðin Birgi í Borgarhöfn. Þar var fjallað um sambærilega athugasemd og málinu vísað til bæjarstjórnar til samþykktar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Önnur mál sem vísað hefur verið til aðalskipulags

- a. **Mörk reits VP-480 Byrgi:** Framkvæmdaraðili hefur sent inn ný gögn yfir mörk reitsins í samræmi við [auglýsta deiliskipulagstillögu](#), sbr. tölvupóst til skipulagsfulltrúa og skipulagsráðgjafa dags. 17.8.2026.

Svar: Mörkin verða uppfærð í samræmi við ný gögn. Að öðru leyti er vísað til svara við athugasemdum við tillögu að deiliskipulagsbreytingu sbr. fund umhverfis- og skipulagsnefndar 20.8.2026.



- b. **Mótorcrosssvæði á Höfn :** Í samræmi við [auglýsta tillögu að breytingu á deiliskipulagi](#) Mótorcrosssvæðis á Höfn þarf að breyta mörkum reits ÍP-43 á Höfn, tölvupóst skipulagsfulltrúa til skipulagsráðgjafa dags. 8.5.2026.

Svar: Mörkin verða uppfærð í samræmi við gögnin. Að öðru leyti er vísað til svara við athugasemdum við tillögu að deiliskipulagsbreytingu.



- c. **Reitur AT-53 á Höfn:** Fram hafa komið óskir (sbr. málsnúmer 202608048 og 202501004 má málaskrá sveitarfélagsins) um að í skipulagsákvæðum fyrir reitinn verði gert ráð fyrir að heimila megi útleiguíbúðir á jaðri reitsins. Metið verður í hverju tilviki fyrir sig hvort veitt verði leyfi og verður þá m.a. byggt á fjölda íbúða, staðsetningu þeirra gagnvart annarri starfsemi á reitnum og hvort það húsnaði sem um ræðir hentar fyrir íbúðir.

Svar: Skipulagsákvæði fyrir reit AT-53 verða uppfærð í samræmi við tillöguna.

